

SHAUÐÖR
skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



FOSSBERG
IÐNADARVÖRUR OG VERKFERI
**FLÍSFÓÐRADIR
HANSKAR
995 KR.**
facebook.com/FossbergEhf

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

2. október 2012
231. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim tölukönnun Capacent Gallup júlí - mars 2012



Á mér mitt skuggalíf

Danski leikstjórinn Susanne Bier segir Óskarsverðlaunin hafa breytt miklu.

bíó 28

Upplifði öld öfganna

Sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm lést í hárrí elli.

menning 24




Einstakt sumar hjá Atla

Atli Guðnason átti sögulegt tímabil með FH-ingum.

Sport 30

veðrið í dag



BJART SUNNAN TIL Í dag má búast við norðlægum áttum, víða 8-13 m/s. Norðan- og norðaustanlands eru horfur á rigningu eða slyddu en S- og SV-til verður víða bjart og úrkumulítið. Hljást syðst.

VEÐUR 4

Stuðningur við landbúnað er tvöfalt hærri hér á landi

Dregið hefur úr stuðningi við íslenskan landbúnað á síðustu árum. Hann er þó rúmlega tvöfalt hærri á Íslandi en að meðaltali í OECD-löndunum. Verður alltaf hár á Íslandi, segir formaður Bændasamtakanna.

EFNAHAGSMÁL Ísland greiðir fimmta hæsta stuðning við landbúnað af OECD-löndunum. Noregur trónir á toppnum og Sviss, Kórea og Japan greiða öll hærri stuðning en Ísland. Þetta kemur fram í skýrslu OECD.

Samkvæmt spá skýrsluhöfundanna nemur árlegur heildarstuðningur ríkisins við landbúnað á árunum 2009 til 2011 16,7 milljörðum króna, eða 1,1% af vergri þjóðarframléiðslu. Er þar átt við beingreiðslur og innflutningsvernd. Spá OECD fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir 17,3 milljarða króna stuðningi við landbúnað.

Dregið hefur úr stuðningi við bændur um þrjátíu prósentustig á

milli árunna 1986-88 og 2009-11. Hins vegar hefur lítil stefnubreyting verið í málaflökknum á þessum árum, að sögn skýrsluhöfunda.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir tölurnar fyrir 2011 gefa nokkuð rétta mynd af stöðunni, en síðustu ár hafi myndin verið brengluð vegna gengisskekkju. Ljóst sé að stuðningur við landbúnað verði alltaf hærri hér en víða annars staðar. „Hann verður alltaf hár af því að við erum með svo fábreyttan landbúnað. Önnur ríki geta smurt þessu út á fleiri búgreinar.“


Haraldur bendir á að Ísland nýti ekki heimildir sínar varðandi toll-

vernd að fullu. Heildarheimildir séu á bilinu 20 til 24 milljarðar, en um sex milljarðar séu nýttir fyrir árið 2011.

„Við höfum haft af því áhyggjur að tollvernd sé að rýrna, því ef tollvernd rýrnar þá rýrna kjör bændanna.“

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að stofnunin hafi ekki lagt mat á heildarstuðning við landbúnað. Hún hafi lagt áherslu á að stuðningi sé hagað þannig að hvatar samkeppninnar séu nýttir til að styrkja greinina og auðvelda nýjum aðilum að vaxa og dafna á markaðnum. Á það skorti.

Heildarstuðningur við landbúnað*



FORSKOT Á SÆLUNA

Senn líður að formlegri opnun brettagarðsins í Laugardal sem settur var upp í sumar og haust. Þar er þó allt til reiðu og nýttu Finnur, Hrannar og Helgi sér aðstöðuna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eykur áhuga hins kynsins: Sölvi á fimmtíu pör af skóm

TÍSKA „Ég viðurkenni að ég er fallinn skófkíll en það er bara falllegt. Fólk hefur verri fíknir en þetta,“ segir rithöfundurinn og fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason sem á yfir fimmtíu pör af skóm.

Sölvi kennir starfi sínu í sjónvarpi um skóðelluna. „Þá þurfti ég að byrja að hugsa út í hvernig ég klæddist og allt í einu fattaði ég hvað skór skipta miklu máli. Það er afar vont að vera vel klæddur en í ljótum skóm. Það bara gengur ekki,“ segir hann og bætir við að hann hafi fundið fyrir auknum áhuga hins kynsins eftir að hann fór að spá í tísku og safna skóm.



SÖLVI TRYGGVASON

- áþ / sjá síðu 34

Aspirin Actavis

- fæst án lyfseðils í apótekum



actavis

Allt starfsfólk Europris fékk uppsagnarbréf í hendur um mánaðamótin:

Europris lokar verslunum sínum

VIÐSKIPTI Öllum starfsmönnum Europris Ísland hefur verið sagt upp störfum, en uppsagnarbréf barst til þeirra nú um mánaðamótin. Rekstri allra verslananna verður hætt að loknum rýmingarsölum sem hefjast í dag.

Matthías Sigurðsson, framkvæmdastjóri Europris, vildi ekki staðfesta að fyrirtækið hygðist hætta rekstri í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Þetta mun skýrast á morgun [í dag].“

Nýlega var verslun Europris á Korputorgi lokað. Því er um lokun þriggja verslana til viðbótar að ræða. Í hverri þeirra starfa tíu til fimmtán starfsmenn, að því er næst verður komist.

Europris Holding AS er móðurfélag Europris verslana - bæði í Noregi og Íslandi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Fredrikstad í Noregi. Verslanir þar í landi eru um 200 talsins en þær voru sex á Íslandi um tíma.

- shá

BÓKA LAGERSALA
RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
Opíð alla daga kl. 10-19

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Allt að 90% afsláttur

Yfir 2500 titlar

Dig in!
er hvatning um að „taka hraustlega til matar síns“ í Ameríku nyrðri.


Knorr kemur með góða bragðið!

Öflug uppbygging í 80 ár




1972 Hitaveita á Reykjum, Mosfellsbæ

Verkís rekur uppruna sinn til 1932 þegar fyrsta íslenska verkfræðistofan hóf starfsemi sína.



2011 Hörputorg




2008 Svartsengi

80 ÁRA | 1932
2012

 **VERKÍS**

Verkís verkfræðistofa | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | www.verkis.is



1958 Háspennumastur í Kollafirði



2010 Sundlaugin Hofsósi



1953 Laxárvatnsvirkjun

Hjá Verkís starfa útsjónarsamir smiðir hugmynda og lausna, reynsluboltar á öllum sviðum verkfræði og skyldra greina. Síðastliðin 80 ár hafa starfsmenn fyrirtækisins átt þátt í flestum stærri mannvirkjum og framkvæmdum á Íslandi.



2003 Bláa Iónið



1958 Grímsárvirkjun

Saga Verkís er þannig samofin sögu uppbyggingar og atvinnulífs á Íslandi eins og við þekkjum það.



1946–2011 Hallgrímskirkja



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI i20

BJÓÐUM ÞOKKRA BÍLA Á EINSTÖKKU ÖRNUNARTILBOÐI



Kynnið ykkur vegleg opnunartilboð á nýjum Hyundai bílum.

Hyundai er flutt í Kaupún 1, Garðabæ

Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45 til 18.00 alla virka daga. Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla.

Opið laugardaga frá 10-16

Á laugardögum er opnunartími varahlutaverslunar og söludeilda nýrra og notaðra Hyundai bíla frá kl. 10.00 til 16.00. Í neyðartilfellum verður hægt að nýta sér 24 tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.

Kynnið ykkur vegleg opnunartilboð á nýjum Hyundai bílum



HYUNDAI Kaupúni 1

210 Garðabæ
Nýtt símanúmer: 575 1200
www.hyundai.is

Katrín Júlíusdóttir hefur snúið til baka úr barnsburðarleyfi og tók í gær við embætti fjármálaráðherra:

Mikilvægast er að skoða gjaldeyrishöftin

STJÓRNMÁL Katrín Júlíusdóttir tók við lykklavöldum í fjármálaráðuneytinu í gær af Oddnýju G. Harðardóttur. Katrín segir stór mál fram undan. Þar beri hæst gjaldeyrishöft og það að örva fjárfestingu í landinu. Hún mun blása til samstarfs varðandi gjaldeyrishöftin.

„Ég vil draga sem flesta að því borði og ég held að það sé komið að því að taka ákvarðanir í þeim efnum,“ segir Katrín. Hún vill þó ekki segja hvort það þýði tímasetningu afnáms haftanna. „Það eru stórar spurningar sem þarf að svara á næstu mánuðum og mitt verkefni er að stuðla að því að það verði gert.“

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði nýverið til að afnám haftanna yrði ekki tímasett. Katrín

segist þurfa að fara yfir slík sjónarmið, sem önnur, á næstunni.

„Ég kem þaðan í hinu pólitíska litrófi að ég vil hafa sem opnust og best samskipti við alþjóðasamfélagið. Það er alveg klárt að gjaldeyrishöft passa ekki inn í þá pólitíska sýn. Á móti kemur að ég er enginn glanni og mun stíga varlega til jarðar.“

Katrín býður sig fram til að leiða lista Samfylkingarinnar. Þar keppir hún við Árna Pál Árnason, en bæði hafa verið nefnd sem formenn Samfylkingarinnar. Katrín segist ekki ganga með formanninn í maganum. „Ég tek einn slag í einu. Ef ágætlega gengur í forvalinu er aldrei að vita hvað verður í framtíðinni.“ - kóp



VETTLINGASKIPTI Steingrímur J. Sigfússon skildi eftir vinnuvettlinga handa Oddnýju til að fara í stóru verkin. Oddný kom vettlingunum áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Telur þú áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta á réttri leið?

Já	32,6%
Nei	67,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Pekkir þú fólk sem hefur glímt við ófrjósemi?

Segðu þína skoðun á Vísir

Tenerife

4. eða 11. október
í 7 nætur

Frá kr. **77.900** með „öllu inniföldu“

Villa Adeje Beach
Frá kr. **77.900** í viku með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 99.900 á mann.

Sértíllboð 4. eða 11. október í viku.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferdir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Konfúsíusarstofnunin norðurljós sýnir kvikmynd Chen Kaige

Gul jörð

Sýnd í Odda 101
Í dag kl. 17:00

Tímamótaverk í kínverskri kvikmyndagerð

Allir velkomnir,
aðgangur ókeypis

北極光孔子学院
KONFUSÍUSARSTOFNUNIN
NORÐURLJÓS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | finndu okkur á Facebook

Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:

Vefsíðugerðarnám

Spennandi og kraftmikil námskeið fyrir þá sem vilja læra vefsíðugerð og myndvinnslu í umsjón Sigurðar Jónssonar kerfisfræðings.

- ▶ **Vefsíðugerð og margmiðlun**
Hefst: 8. október/90 stundir/verð: 139.900,-
- ▶ **DreamWeaver vefsíðugerð**
Hefst: 8. október/22 stundir/verð: 34.900,-
- ▶ **Flash margmiðlun**
Hefst: 22. október/18 stundir/verð: 34.900,-
- ▶ **Joomla vefsíðugerð**
Hefst: 29. október/18 stundir/verð: 27.900,-

Rúmlega 1.450 einstaklingar hafa sótt vefsíðugerðarnám okkar.

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 **www.tv.is**

Speglaveggur á MR fer aftur í leyfisferli

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ógilti byggingarleyfi fyrir glervegg á húsi Menntaskólans í Reykjavík. Kvartað vegna óþægilegrar speglunar milli nágrannaíbúða. Veggurinn aftur í leyfisferli en gæti verið skikkaður burt.

SKIPULAGSMÁL Leyfi skipulagsyfirlvalda í Reykjavík vegna endurbyggingar á austur- og vesturhlíð Þingholtsstrætis 18 var nýlega fellt úr gildi. Umrædd bygging er hluti af húsnæði Menntaskólans í Reykjavík.

Veggurinn, sem var klæddur með gleri og áli, skapaunar íbúum handan við götuna og segja þeir hann virka eins og spegil og að þeir horfi nú nánast beint inn um glugga hver annars, auk þess sem þeir séu „berskjaldaðir gagnvart gangandi umferð“. Í úrskurði segir að veggurinn hefði átt að fara í grenndarmat á sínum tíma, sem ekki var gert, og því fari veggurinn nú í leyfisferli á ný.

Byggingarfulltrúi í Reykjavík samþykkti í maí síðastliðnum byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar. Eftir að lokið hafði verið við að glerklæða vegginn kærðu íbúar í þremur húsum leyfisveitinguna.

Í málsrökum kæranda segir að nágrannar hafi talið að skipta ætti út gluggakörmum á hliðinni, en ekki hafi komið í ljós fyrr en í júlí að hún hefði öll verið klædd dökku gleri sem „virki eins og spegil“. Þeir horfðu nánast beint inn hver til annars, sem feli í sér „óþolandi inngríp í friðhelgi einkalífs þeirra“.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að grenndaráhrif vegna breytinganna, einkum vegna mikillar speglunar, væru svo mikil að skipulagsyfirlvöldum hefði borið að grenndarkynna þær.

Björn Stefán Hallsson byggingarfulltrúi segir í samtali við Fréttablaðið að nýtt ferli sé enn ekki komið af stað.



SPEGILL Nágrannar segja glervegg á húsi MR við Þingholtsstræti hafa valdið þeim óþægindum. Gatan sé afar þröng, og því sé „spegilhlíð [...] viðkvæmari en ella“. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIÆL

Við skiljum ekkert í því af hverju þessi leið var farin, og það með svona miklum látum, án þess að ræða við okkur.

SIGURÐUR BJÖRNSSON
ÍBÚI VIÐ ÞINGHOLTSSTRÆTI

„Væntanlega verður sótt um nýtt byggingarleyfi, sem verður sent í grenndarkynningu. Svo verða niðurstöður hennar og athugasemdir teknar fyrir af skipulagsráði. Þetta fær sína afgreiðslu og ferlið mun líklega

taka upp undir átta vikur í heildina.“

Sigurður Björnsson, einn af kærendum, fagnar úrskurðinum, enda sé ástandið hvítleitt.

„Við erum auðvitað ánægð með að úrskurðurinn féll okkur í hag, en það er óvíst hvernig málið fer.“

Sigurður segir íbúa vitanlega munu mótmæla núverandi útfærslu veggins við endurupptöku málsins, en segist ekki vita hvort yfirvöld munu taka tillit til þeirra óska.

„Það mun allavega ekki ganga að byggingarfulltrúi samþykki leyfið á sömu forsendum og haldið var af stað með. Við skiljum annars ekkert í því af hverju þessi leið var farin, og það með svona miklum látum, án þess að ræða við okkur.“ thorgils@frettabladid.is

Sjaldséður djúpsjárvarfiskur er á matseðli Sjávarbarsins þessa dagana: Gaman að matreiða dílamjóra

MATVÆLI „Við vorum svo heppin að fá slatta af dílamjóra á fiskmarkaðnum,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum við Grandagarð 9. Þar er um þessar mundir boðið upp á þessa óvenjulegu fisktegund.

Að sögn Magnúsar er dílamjóri djúpsjárvarfiskur og svipadur steinbít í laginu.

„Hann er rosaþæglega góður á bragðið. Hann er stinnur og holdið er svolítið rauðleitt eins og á karfa,“ segir hann.

Aðeins veiddust um 300 kíló af dílamjóra hér við land á síðasta ári, að því er Magnús greinir frá. „Það er ekki algengt að hann sé á boðstólum en nú er kjörð tækifæri fyrir fiskáhugamenn að smakka.“ - ibs



SJALDSÉÐUR FISKUR Magnúsi Ingi Magnússyni veitingamanni þykir spennandi að bjóða upp á nýjar fisktegundir. Hér er hann með dílamjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kátari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á því að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Kraftmeiri krakkar.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfnum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir lítið fólk sem er að vaxa. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni og steinefni, og við foreldrar vitum að börn, sem borða hollan mat, verða sprækari, hreyfa sig meira og dafna betur.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu hátt hlutfall skatta fyrir árið 2011 skilaði sér til ríkisins?
2. Hversu margir bandarískir hermenn hafa fallið í stríðinu í Afganistan?
3. Hver var andstæðingur Gunnars Nelson í UFC-bardaganum á laugardag?

SVÖR

3. DaMarques Johnson
1. 96,4% - 2. 2. 170 þúsund



UNDIRBÚNINGUR Í HÖRPU Kaupstefnan fer fram í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferðamálakaupstefna í Hörpu:

Vestnorden í Hörpu í dag

FERÐAÞJÓNUSTA Vestnorden, árleg ferðakaupstefna Ferðamálasamtaka Norður-Atlantshafs (NATA), hefst í Hörpu í dag. Von er á um 600 manns á ráðstefnuna á vegum 400 ferðaþjónustuaðila.

NATA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði ferðaþjónusta. Á ráðstefnunni mestast ferðaþjónustuaðilar frá löndunum þremur og kaupendur ferðaþjónustu frá öllum heimshornum.

Viðskipti í september:

Talsvert líf í Kauphöllinni

VIÐSKIPTI Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands námu 5.025 milljónum króna í september en það jafngildir 251 milljón á dag. Til samanburðar var veltan í ágúst 4.404 milljónir.

Mest viðskipti voru með bréf Haga en þau námu 1.687 milljónum. Þá var velta í viðskiptum með bréf Marels 1.154 milljónir og með bréf Icelandair 1.071 milljón. Úrvalsvísitalan OMXI6 lækkaði um 0,47 prósent í mánuðinum. - mþl

Enginn Kaupþingsmanna mætti til fyrirtöku Al Thani-málsins í Héraðsdómi í gær:

Krefjast frávísunar í Al Thani-máli

DÓMSMÁL Verjendur Kaupþingsmanna í Al Thani-málinu svokallaða kröfðust frávísunar við fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Málflutningur um kröfuna fer fram 29. október næstkomandi.

Embætti sérstaks saksóknara rekur málið en sakborningar eru Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður bankans, Ólafur Ólafsson, einn helsti eigandi hans á sínum tíma, og Magnús Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri Kaupþings í Lúxemborg. Málið varðar

lán sem Kaupþing veitti til félaga í eigu Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani í lok september árið 2008. Fjórmenningunum er gefið að sök að hafa framið umboðssvik og stundað markaðsmisnotkun eða átt hlutdeild í slíkum brotum. Verði þeir fundnir sekir gæti beðið þeirra allt að sex ára fangelsi.

Enginn sakborninganna mætti til fyrirtökunar.

Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Má, vildi ekki svara því á hvaða forsendum frávísunarkrafa væri byggð þegar Visir leitaði eftir því í gær. - mþl



HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Í GÆR Enginn sakborninganna mætti í Héraðsdóm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fundu 150 fjár um helgina: Lokaleit eftir óveður í haust

BJÖRGUNARSTARF 150 fjár var grafið lifandi úr snjó um helgina í lokaáttaki leitar að fé eftir óveðrið sem gekk yfir landið í september.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra skipulagði leitina í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörgu, búnaðarráðunauta, bændur og aðra hlutaðeigandi.

„Það fé sem fannst á lífi grafið í snjó nú þremur vikum eftir óveðrið var margt í ágætu ástandi en inn á milli var töluvert um veikburða fé,“ segir á vef Almannavarna. - óká

Ráðherra vill skoða aðskilnað mismunandi bankastarfsemi

Starfshópur vinnur að tillögum um breytingar á lögum um fjármálamarkað. Atvinnuvegaráðherra segir að skoðað verði hvort aðskilja eigi fjárfestingar- og viðskiptabanka. Frumvarp kynnt á yfirstandandi þingi.

EFNAHAGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra segir ekki hessa á yfirgnæfandi stuðningi almennings við aðskilnað fjárfestinga- og viðskiptabanka. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær sýnir ný könnun Gallup að um 80 prósent eru fylgjandi aðskilnaði fjárfestinga- og viðskiptabanka. Steingrímur segir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lengi verið fylgjandi slíkum aðgerðum.

„Ég held að það sé mikill stuðningur við það úti í samfélaginu að til framtíðar verði gripið til þeirra öryggisráðstafana sem draga úr, eða gera eiginlega ómögulega, hættuna á atburðum eins og urðu hér í fjármálakerfinu. Þar á meðal er auðvitað álitlegur kostur að aðgreina betur almenna bankastarfsemi og síðan áhættusamari þætti í fjármálastarfsemi.“

Steingrímur kynnti í mars skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins. Þeir sérfræðingar vinna nú að tillögum byggðum á skýrslunni og munu skila af sér innan fárra vikna. Steingrímur segir að þar verði án efa komið inn á þennan þátt.

Hann vonast til þess að hægt verði að kynna frumvarp um breytingar á lögum á yfirstandandi þingi. Þar verði tekið á fjármála-stöðugleikanum, ábyrgð og fyrirkomulagi í sambandi við hann, og leikreglum á fjármálamarkað-



BANKAR Von er á þingsályktunartillögu þingmanna um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Þá er unnið að frumvarpi um breytingar á lögum um fjármálamarkað í ráðuneyti.

Fylgst með málum í ESB

Í skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins frá í vor segir að mikilvægt sé að fylgjast með framvindu mála á alþjóðavettvangi þegar kemur að aðskilnaði viðskipta- og fjárfestingarstarfsemi banka, áður en ákvarðanir eru teknar hér á landi. Þá sé vandkvæðum bundið að festa slíkt í lög, þar sem erfitt sé að skilgreina hvað sé hvað. Hins vegar segir að slíkur aðskilnaður hafi jákvæð áhrif. „Einsætt virðist að efla megi fjármálastöðugleika með

skýrari greinarmun á þessum tveimur þáttum bankastarfseminnar.“

Steingrímur segir að Ísland sé hluti af innri markaði Evrópu varðandi fjármálaþjónustu og hræringar þar skipti því máli hér. „Það er þó ekki endilega víst að við gætum ekki gengið lengra í einhverjum tilvikum í aðskilnaði og einhverjum öðrum öryggisreglum á fjármálamarkaði hjá okkur.“

um og löggjöf. Hann segir þó of snemmt að segja til um að aðskilnaðurinn verði að lögum.

Fjórátan þingmenn lögðu fram tillögu um aðskilnað starfseminn-

ar á síðasta þingi og var Álfheiður Ingadóttir fyrsti flutningsmaður. Steingrímur á von á því að hún verði endurflutt.

„Ég hef bara sagt að ég fagni því

og að sjálfsgöðu vinnum við áfram í samræmi við það sem virðist vera meirihlutavilji Alþingis og greinilega þjóðarinnar.“

kolbeinn@frettabladid.is

GOTT ÚRVAL AF NÝLEGGUM GÆÐABÍLUM



VW Golf Trendline
1,6 TDI. Árgerð 2011, dísel
Ekinn 40.000 km, beinsk.

Ásett verð:
2.790.000,-



Audi A4 Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 37.000 km, sjálfsk.

Ásett verð:
5.490.000,-



VW Tiguan Track&Field. Árgerð 2011, dísel
Ekinn 35.500 km, sjálfsk.

Ásett verð
5.290.000,-



VW Touareg v6
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfsk.

Ásett verð 2.990.000
Tilboðsverð
2.590.000,-

MM Pajero Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:
9.390.000,-
Komdu og skoðuðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Ópið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

NOTAÐIR BÍLAR
HEKLA

ÚLPU-
DAGAR
Í ELLINGSEN

SÍÐUSTU
DAGAR!

Ekki missa af þessu

ÓMISSANDI Í KULDANUM

Ellingsen býður upp á mikið úrval af vönduðum úlpum og öðrum hlífðarfatnaði frá þekktum framleiðendum á borð við Didriksons, Mountain Hardwear og Columbia. Í Ellingsen færðu hlífðarfatnað frá toppi til tår.



DIDRIKSONS JARVIS
Stærðir 80-130. Bláar, grænar,
bleikar og fjólubláar.

11.990 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.



DIDRIKSONS JUSTIN
Stærðir 130-170. Bláar og svartar.

14.990 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.



DIDRIKSONS MICHÍ
Stærðir: 130-170. Rauðar og svartar.

14.990 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.



MHW KELVINATOR
Herrastærðir: svartar og bláar.
Dömustærðir: svartar og rauðar.

54.990 KR.
FULLT VERÐ 69.990 KR.



DIDRIKSONS LESTER
Stærðir S-XXL. Grænar og svartar.

19.990 KR.
FULLT VERÐ 24.990 KR.

DIDRIKSONS NIGEL
Stærðir S-XXL. Svartar.

31.990 KR.
FULLT VERÐ 39.990 KR.



DIDRIKSONS VERONICA
Stærðir 36-46. Hvítar.

17.990 KR.
FULLT 24.990 KR.



DIDRIKSONS FIONA
Stærðir 36-46. Svartar.

18.990 KR.
FULLT VERÐ 23.990 KR.



Mikið úrval
af húfum og
vettlingum



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Hong Kong hefur tekið gildi:

Viðskipti við Hong Kong aukast

VIÐSKIPTI Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Hong Kong, Kína, samningur um vinnu- og viðskipta- og umhverfismála. Einnig var hliðstæður samningur um atvinnu- og viðskipta- og umhverfismála. Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Hong Kong hafa tekið gildi.

Samningurinn tekur til vöru- og þjónustuviðskipta, fjárfestinga, verndar hugverkaréttinda, opinberra innkaupa, samkeppni og viðskipta- og umhverfismála. Einnig var hliðstæður samningur um atvinnu- og viðskipta- og umhverfismála. Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Hong Kong felur í sér



HONG KONG Viðskipti við Hong Kong eru þegar orðin meiri en allt árið í fyrra.

að með honum er felldur niður tollur á íslenskar landbúnaðarafurðir sem fluttar eru til Hong Kong og

tollur á innfluttar vörur frá Hong Kong til Íslands verður lækkaður. Útflutningur frá Íslandi til Hong Kong hefur numið um einum milljarði króna á ári, mest sjávar- afurðir.

Fyrstu sex mánuði ársins 2012 hafa verið fluttar út vörur til Hong Kong fyrir sömu upphæð sem bendir til verulegrar aukningar milli ára. Helstu innflutningsvörur Íslands frá Hong Kong eru fatnaður og fjarskiptabúnaður.

EFTA-ríkin hafa nú gert 24 fríverslunarsamninga við alls 33 samstarfsríki utan ESB. - shá

Barnabætur hækka um tíu af hundraði

Tæplega 10,8 milljarðar króna fara í barnabótakerfið á næsta ári samkvæmt tillögu fjármálaráðherra. Bætur hækka um tíu prósent og tekjuskeringarmörkin hækka. Fyrsta tækifæri nýtt til að hjálpa barnafjölskyldum, segir ráðherra.

SAMFÉLAGSMÁL Barnabætur hækka og tekjuskeringarmörk þeirra hækka sömuleiðis samkvæmt breytingum á barnabótakerfinu, sem Oddný Harðardóttir fráfara- andi fjármálaráðherra kynnti í gær. Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögurnar og á næstunni verður lagt fram frumvarp um málið.

Gert er ráð fyrir að 10.762 milljónir króna fari í barnabætur á næsta ári. Sú upphæð er 2,5 milljörðum hærri en í fjárlögum ársins í ár, eða um 30 prósentum hærri. Tillögum fjármálaráðherra er skipt í fernt. Bætur vegna barna yngri en sjö ára verða hækkaðar úr 61.191 á ári í 100.000 krónur.

Aðrar barnabætur verða hækkaðar um tíu prósent og lágmarksupphæð bóta verður fjögur þúsund krónur á ári.

Tekjuskeringarmörk barnabóta verða jafnframt hækkuð. Þau fara úr 1,8 milljónum króna á ári fyrir einstæða foreldra í 2,4 milljónir á ári. Mörkin fyrir foreldra í sambúð verða hækkuð úr 3,6 milljónum króna í 4,8 milljónir á ári. Hækkunin tekur mið af örorkubótum og verður líka notuð til viðmiðunar í húsnæðisbótum. Með þessu fá fleiri óskertar bætur, að sögn Oddnýjar.

Breytingarnar sem kynntar voru í gær eru þær fyrstu sem gerðar hafa verið á upphæð barnabóta og tekjuskeringarmörkum frá árinu 2009. Í fjárlögum næsta árs var lögð áhersla á að bæta hag barnafjölskyldna. Oddný segir að verið sé að nýta fyrsta tækifærið sem gefst til að bæta við „þennan mikil-



BÖRN Í SKÓLA Viðbótarbætur vegna barna sjö ára og yngri hækka í 100 þúsund krónur samkvæmt nýju tillögunni. Þá eiga fleiri foreldrar að fá óskertar barnabætur vegna þess að tekjuskeringarmörk eru hækkuð. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Barnabætur eftir breytingar

Óskertar barnabætur hjóna verða:

Með fyrsta barni kr. 167.564
Með hverju barni umfram eitt kr. 199.455

Óskertar barnabætur einstæðra foreldra verða:

Með fyrsta barni kr. 253.716
Með hverju barni umfram eitt kr. 279.088

Viðbót vegna barna yngri en sjö ára verður kr. 100.000

væga þátt í viðleitni samfélagsins til að taka á sig hluta af kostnaði sem fylgir því að eiga barn að svo miklu leyti sem foreldrarnir hafa ekki tekjur til þess.“

Breytingarnar eru í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í nýrri skýrslu Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands, þar sem bent var á nauðsyn þess að styðja betur við ungar barnafjölskyldur.

Fram kom í máli Oddnýjar á blaðamannafundi í gær að unnið sé

áð nýju og samræmdu barnatryggingakerfi, sem kæmi í stað barnabóta, barnalífeyris og atvinnuleysisbóta vegna barna á framfæri atvinnulausra. Þetta nýja kerfi á að grundvallast á samtímagreiðslum og mun því ekki tengjast álagningu tekjuskatts. „Meðan þessu kerfi hefur ekki verið komið á munn barnabætur verða með óbreyttu sniði að mestu,“ segir í minnisblaði Oddnýjar til ríkisstjórnarinnar.

thorunn@frettabladid.is



**24 TÍMA
TILBOÐ!**
hefst á hádegi í dag

Barcelona og Berlín á brílljant verði!

Berlín frá:

15.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
Ferðatímabil: 5.-29. okt.

Barcelona frá:

**SÍÐUSTU
SÆTIN!**

18.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
Ferðatímabil: 5.-8. okt.

London, Köben og þaðan hvert sem er!

Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug hvert sem er í Evrópu frá London og Köben. Verð frá:

15.700 kr.*

Pantaðu flug til London og Köben á www.icelandexpress.is og hafðu samband í síma 5 500 600, við finnum framhaldsflugið þitt og komum þér alla leið á lægra verði!

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express 
-lækkar verð

Starfsstöðvar ríkisskattstjóra

í Reykjavík og Hafnarfirði verða lokaðar frá kl. 11 þriðjudaginn 2. október nk.

Aðrar starfsstöðvar verða lokaðar allan daginn.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

HINN EINI SANNI sláturmarkaður!



ÓDÝRT
OG GOTT!
Keppurinn á
ca. 96 kr.

SLÁTUR MARKAÐUR

ferskt daglega!

í Hagkaup SMÁRALIND

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

 Smáralind

LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

Sérvalinn og snyrtur
½ lambaskrokkur
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

1198kr/kg



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein fers beta verð



MINNSTA FÓLK Í HEIMI Pau Chandra Bahadur Dangi, 72 ára Nepalbúi, og Jyoti Amge, 19 ára indversk stúlka, hittust í Katmandú nýverið.

NORDICPHOTOS/AFP



SÆLGÆTI Neyslustýring með skattlagningu er víðar í umræðunni en hér á landi.

Norðmenn fitna of mikið:

Norskir læknar vilja sykurskatt

NOREGUR Norska læknafélagið vill að óhollur matur verði dýrari og að virðisaukaskatti á ávöxtum og grænmeti verði aflétt, að því er greint er frá á fréttavefnum e24.no.

Norðmenn fitna og fitna og segir formaður læknafélagsins, Hege Gjessing, að snúa verði þróuninni við.

Það er mat lækna að merkja þurfi hollan mat betur, auka gjöld á sykri og sykrudum drykkjum og banna transfitu í matvörum sem seldar eru í norskum verslunum. Jafnframt vilja læknarnir að ávextir og grænmeti verði ódýrari fæða en nú er.

- ibs

STJÓRNSÝSLA

Víst búið að skila uppgjöri

Stjórnmalasamtökin Fólkið í bænum, sem buðu fram í Garðabæ í síðustu sveitarstjórnarkosningum undir listastafnum „m“, skiluðu uppgjöri vegna ársins 2010 í októberlok í fyrra. Misskilningur starfsmanns Ríkisendurskoðunar varð til þess að í fréttum RÚV var sagt að uppgjöri hefði ekki verið skilað, að því er fram kemur í áréttingu Ríkisendurskoðunar í gær.

25,5 milljónir manna eru án atvinnu í Evrópusambandsríkjunum 27:

Atvinnuleysi eykst á evrusvæði

EVROPA Aldrei hafa fleiri verið atvinnulausir á evrusvæðinu en í ágúst síðastliðnum, samkvæmt nýjum tölum frá hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat.

Tæplega 18,2 milljónir manna voru atvinnulausar í ágúst og fjölgandi þeim um 34 þúsund á milli mánaða. Áfram eru 11,4 prósent fólks án atvinnu í ríkjunum sautján.

Tæplega 25,5 milljónir manna eru án atvinnu í öllum Evrópusambandsríkjunum 27. Atvinnuleysið hefur aukist milli ára í tuttugu ríkjum sambandsins, minnkað í sex ríkjum og staðið í stað í einu ríki.

Sem fyrr er minnsta atvinnuleysið í Austurríki, Lúxemborg, Hollandi og Þýskalandi og mest er atvinnuleysið áfram á Spáni og í Grikklandi, þar sem um fjórðungur fólks er án vinnu.

5,5 milljónir fólks undir 25 ára aldri í Evrópusambandsríkjunum voru atvinnulausar í ágúst. Þar af voru 3,4 milljónir í evruríkjunum sautján. Þetta þýðir að rúmlega fimmtungur ungs fólks í Evrópusambandsríkjunum var atvinnulaus í ágúst síðastliðnum. Yfir helmingur fólks undir 25 ára í Grikklandi og á Spáni var án vinnu.

- þeb



Í VINNULEIT Þessi kona leitar að vinnu í Bailleul í Frakklandi. Um fimmtungur ungs fólks var án vinnu í ágúst.

„Landsins mesta úrval“:

Húsasmiðjan skal greiða sekt

SAMKEPPNISMÁL Neytendastofa hefur sektað Húsasmiðjuna um 500 þúsund krónur vegna brota á lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu.

Byko kvartaði yfir auglýsingum þar sem fullt var að Húsasmiðjan byði „landsins mesta úrval af pallaefni“. Fram kemur á vef Neytendastofu að Húsasmiðjan hafi ekki náð að leggja fram fullnægjandi gögn til sönnunar fullyrðingunni. Því taldi Neytendastofa Húsasmiðjuna brjóta gegn ákvæðum laganna.

- sv

Í kröfum Íslendinga er ekkert sem ekki má leysa

Byggðamálastjóri ESB segir kaflann um byggðamál í aðildarviðræðum Íslendinga að öllum líkindum verða opnaðan fyrir áramót. Í byggðamálum hefur ESB lagt áherslu á að byggja upp lítil og meðalstór fyrirtæki.

EVROÞUMÁL „Það er ekkert þarna sem ég tel vera óleysanlegt,“ sagði Johannes Hahn, byggðamálastjóri Evrópusambandsins, um samningsafstöðu Íslands í byggðamálum.

„Það er farið fram á ýmsa hluti sem snerta sérstöðu Íslands hvað varðar legu landsins og staðsetningu. Það er ekkert óvenjulegt við að ríki, sem sækja um aðild að ESB, vilji ná fram einhverju er varðar sérstöðu þeirra, en allt það þarf að ræða ítarlega í samningaviðræðunum.“

Samningsafstaða Íslands í byggðamálum var birt um miðjan september. Þar er óskað eftir því að kaflinn um byggðamál verði opnaður fyrir áramót, og Hahn telur allar líkur á að af því geti orðið. „Í aðalatriðum hafa samningaviðræðurnar gengið vel. Við erum nokkurn veginn á áætlan,“ segir hann.

Íslendingar fara fram á að í aðildarsamningi verði sérstaklega tekið mið af því að Ísland er, eins og það er orðið í samningsafstöðunni, „fámennt og afar strjálbýlt eyríki, staðsett á norðurljóðum, þar sem vegalengdir eru langar, bæði innanlands og til næstu Evrópuríkja og aðstæður áþekkar og á ystu svæðum Evrópusambandsins sem njóta sérstakrar stöðu.“

Allt þetta skiptir máli þegar ákvarðanir eru teknar um úthlutunir úr þeim sjóðum Evrópusambandsins sem ætlaðir eru til byggðamála. Þeir sjóðir eru harla digrir, því þangað fer um þriðjungurinn af heildarfjárlögum ESB. Þeir eru notaðir til að styrkja þróun og uppbyggingu hinna ólíku svæða Evrópusambandsins, en þau eru afar misjöfn innbyrðis og þurfa mismikla aðstoð.

Hahn segir ákveðna forgangsröðun nauðsynlega við úthlutun styrkjanna og aðaláherslan hafi þar verið á lítil og meðalstór fyrirtæki, sem gegni lykilhlutverki við að tryggja



VIÐ HVALASAFNIÐ Á HÚSAVÍK Byggðamálastjóri ESB segir að við úthlutun úr sjóðum sambandsins vegna byggðamála hafi verið lögð áhersla á að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þau gegni lykilhlutverki við að tryggja vinnu og búa til störf.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

atvinnu og skapa fleiri störf. Þessi aðstoð geti skipt miklu máli fyrir Ísland, ekki síst í dreifðari byggðum landsins.

„Mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sést vel á einföldu reikningsdæmi,“ segir Hahn. „Í Evrópusambandinu eru núna um það bil 23 milljónir lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en í ESB eru um 25 milljónir manna án atvinnu. Þetta þýðir að ef hvert og eitt þessara litlu og meðalstóru fyrirtækja gæti ráðið til sín einn nýjan starfsmann, þá væri atvinnuleysi úr sögunni í ESB. Ef hins vegar eingöngu væri treyst á 500 stærstu fyrirtækin, þá þyrfti hvert og eitt þeirra að geta útvegað fimmtíu þúsund manns vinnu, sem er óframkvæmanlegt.“

gudsteinn@frettabladid.is



Ef hvert og eitt þessara litlu og meðalstóru fyrirtækja gæti ráðið til sín einn nýjan starfsmann, þá væri atvinnuleysi úr sögunni í ESB.

JOHANNES HAHN
BYGGÐAMÁLASTJÓRI ESB

VIÐHORF ATVINNULÍFSINS

SAMKEPPNISLÖGIN OG FRAMKVÆMD ÞEIRRA

Opinn kynningarfundur SA á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 3. október kl. 8.30-10, sal H&I á 2. hæð.

Frummælendur:

Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins
Ari Edwald, forstjóri 365
Heimir Örn Herbertsson, hrl.
Helga Melkorka Öttarsdóttir, hrl.

Fundarstjóri:

Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já

Þátttakendur fá afhent nýtt rit SA um samkeppnismál sem kemur út sama dag. Boðið verður upp á léttu morgunhressingu frá kl. 8.00.

➔ SKRÁNING Á WWW.SA.IS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

TÖFRAR FRÁ MEXÍKÓ



LEYNIVONNIB



TEX + MEX
Santa Maria

BONUS HAGKAUP

Skynsamleg tillaga um rammaáætlun:

Sáttafarvegurinn virkjaður á ný

Þegar verkefnisstjórn rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma skilaði af sér skýrslu í fyrra sumar var full ástæða til að binda miklar vonir við að hún myndi stuðla að sémilega víðtækri sátt um málaflökkinn.

Með vinnu verkefnisstjórnarinnar var raðað í forgangsröð 66 virkjunarmöguleikum. Þeir voru metnir út frá gríðarlega miklum gögnum, sem fjórir undirhópar höfðu yfirfarið og rannsakað. Forgangsröðin var meðal annars unnin út frá sjónarhornum orkunýtingar, náttúruverndar, efnahags- og samfélagsáhrifa, ferðamennsku og verndar fornleifa og menningarminja.

Hugsunin að baki þessari miklu vinnu var frá upphafi að leggja vandaðan grunn að stefnumörkun um hvar ætti að virkja og hvaða svæði ætti að vernda. Með því að vinna málið með þessum hætti mætti stuðla að breiðri sátt um það.

Áformað var að rammaáætlun yrði afgreidd sem ályktun frá Alþingi fyrir febrúarbyrjun á þessu ári. Það hefur enn ekki gerzt, aðallega vegna þess að málið varð fljótlega svo umdeilt innan stjórnarflökkanna að þingsályktunartillagan kom ekki fram á þinginu fyrr en seint og um síðir. Þá var, fyrst og fremst að kröfu Vinstri grænna, búið að víkja í veigamiklum atriðum frá þeirri forgangsröðun sem verkefnisstjórnin hafði lagt til; setja til dæmis virkjanakostina í neðrihluta Þjórsár, sem verkefnisstjórninni þóttu meðal þeirra vænlegustu, í svokallaðan biðflokk í stað nýtingarflokks.

Það varð í raun ljóst strax þegar málið lokaðist inni í karpí stjórnarflökkanna að það var farið í pólitískan farveg, í stað þess að láta vísindaleg gögn og faglegt mat ráða ferðinni. Um leið var búið að kippa grundvellingnum undan hinni breiðu sátt. Stjórnarmeirihlutinn heldur samt sínu striki og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur mælt fyrir tillögu um rammaáætlunina óbreyttri.

Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Að keyra málið þannig í gegn myndi þýða að búið væri að eyðileggja þá gríðarlegu vinnu sem unnin hefur verið í áratugi til að takast megi að ljúka því í sátt. Um leið væri opnað fyrir þann möguleika að næsta ríkisstjórn, eða þar næsta, liti sömuleiðis á rammaáætlunina sem tæki til að ná fram ýrtruðu pólitísku markmiðum og gerði breytingar eftir sínu höfði.

Það væri óþolandi staða, jafnt fyrir þá sem vilja draga línur til verndar verðmætum náttúrusvæðum og fyrir hina, sem vilja einhvern fyrirsjáanleika í því hvar má virkja á næstu áratugum.

Sjálfstæðismenn á þingi hafa lagt fram frumvarp, þar sem lagt er til að málið verði tekið úr þeim pólitíska farvegi sem það er komið í og verkefnisstjórninni þess í stað fengið það verkefni að gera sjálf tillögu um hvernig eigi að flokka virkjanakostina í verndar-, nýtingar- og biðflokk. Þetta er skynsamleg tillaga, því að hún getur stuðlað að því að beina málinu aftur í sáttafarveg.

Þá verða menn auðvitað líka að meina það sem þeir segja; að þeir séu reiðubúnir að una því sem verkefnisstjórnin leggur til. Stjórnarmeirihlutinn ætti að taka undir þessa tillögu, því að hann er búinn að klúðra málinu þannig að það verður aldrei breið sátt um það í núverandi mynd.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýtt útspil

Hópur fólks sem er áhugasamt um að ljúka samningaviðræðum við ESB undirbýr nú útspil, sem hugsað er til þess að ýta rækilega við umræðum um málið. Hópurinn inniheldur Evrópusinnaða sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, fólk úr frjálslyndari armi Samfylkingarinnar og forkólfa samtaka á vinnumarkaði. Benedikt Jóhannesson, tölfræðingur og útgefandi, mun vera ein aðalsprautan í hópunum en einnig eru Krístrún Heimsdóttir, til skamms tíma aðstoðarmaður Árna Páls Arnasonar, Jón Sigurðsson, fyrr-

verandi formaður Framsóknarflokksins, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Vilundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnuflíffsins, Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra, og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, nefnd til sögunnar.

Ábyrgðarfull ungumenni

Samband ungra sjálfstæðismanna hélt málþing um helgina. Ekki þarf að koma á óvart að sambandið agnúist út í vinstri stjórna, sem það kallar verstu ríkisstjórn sögunnar, enda susarar lítt hrifnir af vinstri-

mönnum. Í stjórn málaályktun þingsins er síðan mikið gert úr ábyrgð stjórnmalamanna.

Ábyrgðarlaus tillaga

Því skýtur skökku við að í sömu ályktun leggjur SUS til, sem eina af brýnum aðgerðum í efnahagsmálum, að möguleikar á upptöku Kanadadollara verði kannaðir. Seðlabankinn gerði það á dögnum og sagði einhliða upptöku annarrar myntar af áhættusama þar sem með því væri enginn lánveitandi til þrautavara. Ábyrgð og áhættusækni fara sjaldnast saman.



HALLDÓR



Nauðungarsala



Ólöf Guðný Valdimarsdóttir arkitekt

Síðustu átta mánuði voru skráðar 1.459 nauðungarsölubeiðnir á fasteignum hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Fjórir afborganir af einu láni geta verið næg ástæða fyrir banka til að setja heimili á nauðungaruppboð. Við það þurrkast út milljónir sem fjölskylda hefur borgað bankanum samviskusamlega árum saman. Eign fjölskyldunnar verður í besta falli á núlli og jafnvel kemur fjölskyldan stórskuldug út úr hremmingunum ofan á það að missa heimili sitt.

Það er lítið mál fyrir banka að óska eftir nauðungarsölu á fasteign og í rauninni alveg frábær valkostur og áhættan lítil. Þegar banki óskar eftir nauðungarsölu er lítil hætta á að aðrir bjóði í fasteignina. Þess vegna getur bankinn boðið mjög lágt og dæmi eru um að banki leysi til sín eignir allt niður í 20.000 krónur á m² þegar markaðsvirði á íbúðarhúsnæði er í kringum 250.000 krónur á m². Við endursölu getur bankinn bókfært mismuninn á nauðungar kaupverðinu og söluverðinu sem hagnað. Hagnaður bankanna er m.a. að færa starfsmönnum bónusa og jafnvel eignarhlut.

Fjölskylda sem verður fyrir nauðungarsölu er ekki endilega laus við bankann. Ef eitthvað stendur út af af láninu skuldar

fjölskyldan bankanum það enn þá. Bankinn getur því haldið áfram að andskotast í fjölskyldunni, sem er á götunni, út yfir gröf og dauða. Þetta á m.a. við um fjölskyldur sem hafa fengið 110% leiðréttingu fasteignalána og eru beittar nauðungarsölu. Leysi bankinn til sín heimili á nauðungarupp-

Fjölskylda sem verður fyrir nauðungarsölu er ekki endilega laus við bankann. Ef eitthvað stendur út af af láninu, skuldar fjölskyldan bankanum það enn þá.

boði skuldar fjölskyldan bankanum enn þá a.m.k. 10% af veðsetningunni. Ef banki lendir í fjárhagsvandráðum hleypur ríkið undir bagga. Ef fjölskylda lendir í fjárhagsvandráðum gagnvart þessum sama banka og missir heimili sitt er það hennar einkamálið. Allt þykir þetta réttlátt, sanngjarnt og eðlilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Við erum

flutt í Skútuveg 11

(Beint á móti Húsasmíðjunni og Blómavali)

Stofnað 1988

Neyðarþjónustan

Lásasmíðurinn

www.las.is

Verslun: Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888

Umferðarlög, aksturshæfni og læknisvottorð

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Á þessu þingi liggur nú fyrir að nýju frumvarp til umferðarlaga, sem er lagt fram af innanríkisráðherra, en það hefur verið í farvatninu um nokkurt skeið. Tímabært hefur verið að endurskoða fyrri lög sem eru frá árinu 1987 með síðari breytingum og hefur nýtt frumvarp fengið umsagnir fjölmargra aðila og fer nú í umfjöllun í nefndum þingsins í framhaldi.

Nokkurra breytinga er að vænta sem ekki hafa fengið mikla umfjöllun. Eitt eru sektarákvæði og umfang slíkra sem innanríkisráðherra sjálfur tæpir á í pistli í Morgunblaðinu síðastliðna helgi. Þar fjallar hann um tekjutengingu sekta við umferðarlagabrotum sem væntanlega verður fjörug umræða. En það sem ég ætla að ræða eru ákvæði um mat á aksturshæfni einstaklinga af hálfu lækna og þá sérstaklega nýtt ákvæði um sérstakan trúnaðarlækni Umferðarstofu.

Þetta ákvæði sætir nokkrum tíðindum og hefur Læknafélag Íslands meðal annars sent tvívegis umsögn sína um þetta frumvarp árin 2010 og 2011 til nefndarsviðs Alþingis, en ekki hefur mér vitanlega verið óskað eftir álit félagsins nú, enda harla ólíklegt að það breytist mikið.

Í lögnum stendur orðrétt í 61. grein: „Komi fram upplýsingar við

meðferð sjúklings á sjúkrastofnun eða hjá heimilislækni um verulega skerta hæfni viðkomandi til aksturs skal gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart án tafar. Stendur þagnarskylda læknis því ekki í vegi. Eins fljótt og unnt er skal trúnaðarlæknir óska eftir því að hlutaðeigandi gangist undir læknisrannsókn þar sem metnir eru þeir þættir sem áhrif hafa á aksturshæfni viðkomandi.“

Hér er verið að gera læknum skylt að tilkynna skjólstæðinga sína til trúnaðarlækni Umferðarstofu og setja lækna í ákveðið eftirlitshlutverk með almannahags-

líkt og róandi eða svefnlyf og undir sama flokk falla þeir sem eru háðir áfengi. Sjúklingar með alvarlegar hjartsláttartruflanir og hjartakveisu eiga ekki að fá leyfi svo og sjúklingar með vissar tegundir flogaveiki og alvarlegri stig sykursýki með ítrekaðri blóðsykurlækkun. Þetta er fyrir utan þá sem sökum hrumeika og hreyfikerðingar hafa ekkert undir stýri að sækja.

Samkvæmt frumvarpi til laga myndi þetta þýða að læknar á Vogu þyrftu að innkalla ökuleyfi sjúklunga sinna með því að vísa einstaklingunum til trúnaðarlækni

„Samkvæmt frumvarpi til laga myndi þetta þýða að læknar á Vogu þyrftu að innkalla ökuleyfi sjúklunga sinna ...“

munum. Hafa læknar áhyggjur af því að það grafi undan trúnaðarsambandi milli læknis og sjúklings. Slíkt hefur verið sannreynt í rannsóknnum, meðal annars nú nýlega í grein í læknatímaritinu New England Journal of Medicine.

Í reglugerð nr. 830/2011 koma fram þær læknisfræðilegu lágmarkskröfur sem gerðar eru til þeirra sem ætla að stjórna vélknúnu ökutæki. Þær eru býsna ítarlegar og leyfi ég mér að efast um að eftir þeim sé farið í hvívetna hérlendis. Það er til dæmis óheimilt að endurnýja eða gefa út ökuleyfi fyrir þá sem eru háðir ávana- og fíknilyfjum eða nota þau að staðaldri, en mjög stór hópur notar slík lyf, þá einnig ávanabindandi lyf

Umferðarstofu. Hjartalæknar yrðu að taka afstöðu til ökuleyfis með sama hætti og svona mætti lengi telja. Það getur varla verið markmið laganna að í raun svipta svo stóran hóp fólks ökuréttindum, eða hvað?

Margir telja að ökuréttindi jafngildi mannréttindum og er áhuga-verð sú togstreita sem myndast þegar einstaklingur er metinn óhæfur af heilsufarsástandum. Það er þó mikilvægt að hafa góðan ramma og skýrar leikreglur varðandi ökuleyfisveitingu og sviptingu sem læknar geta og eiga að fylgja. Umræðu er þörf um þetta mikilvæga málefni og undirritaður sem trúnaðarlæknir Umferðarstofu telur að ekki séu öll kurl komin til grafar enn þá.

Ferðabjónustuskattar: Tillaga við stef

Ferðabjónusta

Jón Baldur Þorbjörnsson
rekur fyrirtæki í ferðabjónustunni



Stefið hefur að undanfögnu verið að finna þurfi fleiri aura, nú sé komið að því að skattleggja ferðabjónustuna frekar. Við því er kannski ekkert að segja. Ef þörf er á að fá aukið fé í kassann, og fá erlenda ferðamenn til að skilja meira eftir sig, þá er aukin skattlagning á ferðabjónustuna áreiðanlega leið að því marki. Klasse stutt Masse, eins og Þjóðverjar segja.

Ég sé þó ekki betur en að skattmann sé á villigötum bæði varðandi hækkun virðisaukaskatts í gistingu og í bílaleigumálum. Þar eru nefnilega ferðamenn að greiða skatt sem nýtist einhverjum öðrum, burtséð frá því að sumir ferðamenn falla ekki undir notendur þessarar þjónustu. Hin hliðin sem rædd hefur verið er að gjald verði lagt á heimsóknir á vinsæla ferðamannastaði, sbr.: „þeir borga sem njóta“. Það er snöggjum skynsamlegra heldur en hækkun virðisaukaskatts hér og þar. En þá myndu einnig margir sleppa við að leggja sitt af mörkum, einfaldlega með því að heimsækja ekki þessa vinsælu staði og beina umferð sinni frekar um viðkvæm og óskipulögð svæði. Og ekki má gleyma öllu hringlinu í kringum gjaldheimtuna.

Allt Ísland með sínum fjölbreytileika í náttúru og sínum

miklu víðáttum er í raun ígildi þjóðgarðs. Ef nauðsyn krefur er skynsamlegast að rukkað sé fyrir aðgang að þessu þjóðgarðsígildi – „þeir borga sem njóta“. Það verður eingöngu gert með komuskatti til Íslands á alla flug- og skipafarþega. Það sem með því vinnst er tiltölulega einföld og sanngjörn skattheimta, þó svo að ekki teljist allir til ferðamanna sem sækja landið heim. Slíkan skatt mætti að auki nota til að jafna árstíða-sveifluna í komu ferðamanna, og

„Ef nauðsyn krefur er skynsamlegast að rukkað sé fyrir aðgang að þessu þjóðgarðsígildi – „þeir borga sem njóta“.“

hafa hann lægri að vetri en sumri. Eins hvetur þetta til lengri dvalar í landinu, þar sem upphæðin er sú sama hvort sem dvalið er lengur eða skemur.

Ég hef alla tíð verið mótfallinn aukinni skattheimtu á erlenda ferðamenn, fundist þeirra hlutdeild í greiðslu virðisaukaskatts á allar vörur vera nógur skerfur til okkar samfélags. En ef markvisst á að gera Ísland dýrara fyrir ferðamenn, þá er þetta leiðin; skatturinn sem Össur reifaði fyrst fyrir hartnær fjórum árum sem atvinnuvegaráðherra og var alfarið hafnað af ferðabjónustunni. Svo lengi má hnoða leir að hann verði meyr.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



Þegar stærðin skiptir máli
- fyrir þig og allar þínar þarfir



ŠKODA Superb er stærsti billinn frá Škoda og í skutbílsgáfú er hann sérlega fjölhæfur. Farangursrýmið er með því stærsta sem gerist í þessum flokki bíla – 633 lítrar. Ef bak aftursætisins er lagt fram er plássíð orðið 1.865 lítrar. Superb býður upp á þægindi sem gera hverja ökuferð að þægilegri upplifun fyrir alla. Þú getur til viðbótar verið ánægður með hagstætt verð og hagkvæmni í rekstri.

ŠKODA Superb Combi 2.0TDI kostar aðeins frá:*
5.080.000,-

*Škoda Superb Combi 2.0TDI, 140 hestöfl, sjálfskiptur, dísil

Umboðsmenn

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!



Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Eflum metnaðinn

Alþjóða-
samskipti

Ban Ki-moon
framkvæmdastjóri SP



Veraldarleiðtogar safnast saman um þetta leyti á hverju ári í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til að ræða ástand heimsins. Í ár notaði ég tækifærið til að hringja viðvör- unarbjöllum vegna þeirrar stefnu sem við, mannkynið, höfum tekið. Við lifum mikla umbrotatíma. Óöryggi, ójöfnuður og umburðar-

leysi fer í vöxt. Ríki verja tröll- auknum upphæðum í banvæn vopn en minnka fjárfestingar í fólki. Of margir ráðamenn virðast snúa blinda auganu að loftslagsbreyt- ingum. Fólki þráir atvinnu og mannsæmandi líf en í stað úrræða er því mætt með sundrung og ráð- leysi.

Mikilvæg skref hafa verið stigin. Sárafátækt hefur minnkað um helming frá því árið 2000. Lýð- ræðislegar umbreytingar eiga sér stað í arabaheiminum, Mjanmar og víðar. Hagvöxtur er hvergi meiri en í Afríku. Asía og Suður- Ameríka taka skjótum framförum. En við verðum samt að vera

metnaðarfullri. Fátækt og ójöfn- uður þrífst af víða. Vistkerfi eru við þolmörk. Vísindin eru í engum vafa: við verðum að breyta um stefnu. Af þessum sökum hef ég beitt veraldarleiðtoga þrýstingi um að halda fast við áætlanir um sjálfbæra orku, menntun, næringu og heilbrigði kvenna og barna. Efnahagskreppan má ekki vera skálfaskjól til að vanrækja grund- vallarþarfir.

Sahel

Svæðisbundin spenna vekur ugg. Sahel-svæðið fær ekki nægilega mikla athygli og stuðning. Fátækt, þurrkar, ófgar og sundrung valda

miklum þjáningum. Auðvelt er að nálgast vopn en erfitt að fá vinnu. Alþjóðasamfélaginu ber að ein- beita sér að því að finna lausn á þessu uggvekjandi ástandi. Hættu- ástandið á svæðinu er áminning um að efla ber fæðuöryggi, nær- ingarþanþol og félagslegt öryggis- net til að mæta tíðum verðsveiflum sem eru nánast orðnar hversdags- legur viðburður. Við búum yfir jarðskjálftamælum og nemum til að vara við náttúruhamförum. Við þurfum á slíkum áhöldum að halda til að nema yfirvofandi hamfarir sem bitna á hinum fátækustu og þeim sem standa höllustum fæti.

Sýrland

Ástandið í Sýrlandi versnar dag frá degi og hefur kallað ógæfu yfir þennan heimshluta og gæti haft afleiðingar á heimsvísu. Binda verður enda á ofbeldið og straum vopna til beggja stríð- andi fylkinga og hefja umbreyt- ingar undir forystu Sýrlendinga sjálfra. Gróf mannréttindabrot eru framin, aðallega af hálfu ríkisstjórnarinnar en einnig and- stöðuhópa. Það er skylda okkar að binda enda á refsileysi við alþjóð- legum glæpum hvort heldur sem er í Sýrlandi eða annars staðar og gæða hugtakið skyldu til að vernda áþreifanlegri merkingu.

Blindgata

Á sama tíma og vindar breytinga blása um Arabaheiminn og fleiri staði, er nauðsyn að brjótast út úr þeirri blindgötu sem Palestín- umenn og Ísraelsmenn eru fastir í. Tveggja ríkja lausnin er eina varanlega lausnin en sú glufa gæti verið að lokast. Annars vegar er lögmæti ríkis hafnað og hins vegar eru hótanir um árás eins ríkis á annað. Ég hafna hvoru tveggja. Slíkar árásir hefðu hörmulegar afleiðingar í för með sér. Stríðstal

undanfarinna vikna hefur valdið miklum áhyggjum og er áminning um nauðsyn friðsamlegra lausna og fulla virðingu fyrir Sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóða- lögum. Það er skylda leiðtoga að láta rödd sína heyrast til að draga úr spennu í stað þess að kasta olíu á eld hvíkurs hversdagsins.

Hófsami meirihlutinn

Þetta er því mikilvægara á tímum aukinnar spennu vegna umburðarleysis. Á undanföllum vikum hefur svívirðilegt til- litsleysi valdið réttlátri reiði annars vegar og óréttlætulegum ofbeldisverkum hins vegar. Mál- og fundafrelsi eru grundvallar- réttindi en þau má ekki misnota til að æsa til eða fremja ofbeldis- verk. Ábyrgir stjórnsmála- og sam- félagsleiðtogar verða að grípa inn í tímanlega. Hófsami meirihlutinn má ekki vera þögli meirihlutinn.

Þegar svo mikið er í veði verða Sameinuðu þjóðirnar að halda sínu striki og sinna umfangsmiklum verkefnum sínum á sviði friðar, þróunar, mannréttinda, réttar- ríkis og valdeflingar kvenna og ungmenna.

Fólk vill ekki að Sameinuðu þjóðirnar séu einungis spegill sem sýni sundraðan heim samtímans. Það er ætlast til þess af okkur að við veitum forystu og vekjum vonir og finnum lausnir á þeim vanda sem brennur á venjulegu fólki daglega og rænir það nætur- svefni. Enginn einn leiðtogi, ríki eða stofnun getur gert allt. En hvert okkar getur, hver á sinn hátt, lagt sitt lóð á vogarskálarnar.

Við verðum að hafa fólk í fyrir- rúmi, auka metnað okkar og efla alþjóðlega samvinnu. Tíminn er okkur ekki hliðhollur en sameinuð getum við staðist prófraun dagsins og gripid þau tækifæri sem gefast á tímum stórbrotinna breytinga.



Reykjavík 2. október 2012.

Takk fyrir viðskiptin

Kæri viðskipavinur.

Eftir 10 ára starfsemi hér á landi hefur norska verslunarkeðjan Europris ákveðið að hætta smásöluverslun á Íslandi.

Europris kveður viðskipavini sína með veglegri rýmingarsölu frá og með deginum í dag í verslunum Europris á Selfossi, Dalvegi í Kópavogi og Fiskislóð í Reykjavík.

Við þökkum afburðagóðu starfsfólki okkar, viðskiptavinum, samstarfsfólki og birgjum ánægjuleg samskipti síðasta áratug.

Fyrir hönd Europris á Íslandi,

Matthías Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Milliríkja-
viðskipti

Ari Trausti
Guðmundsson
ríthöfundur og
jarðeðlisfræðingur



Áunglingsárum mínum var til- tekið yfirbragð yfir gamla hluta Reykjavíkur, t.d. Þingholt- unum, sem nú er löngu horfið. Alls konar verslanir og verk- stæði gegndu margvíslegum hlut- verkum í næstum hverri götu. Þá var drengurinn sendur út í bakarí og ef til vill keypt sandkaka til að hafa með síðdegiskaffinu. Ég man vel hneykslan margra þegar byrjað var að flytja inn danskar sandkókur. Voru þær íslensku ekki nógu góðar eða of dýrar? Hráefnið var innflutt í báðum löndunum. Fáir minntust á vinn- una og orkuna sem fór í að flytja vöruna milli landa. Nútíminn krafðist danskra sandkaka, var sagt... eða hugsað.

Smám saman bættust æ fleiri matvörur við að utan, þar á meðal vörur sem nóg var af í landinu og þá í mörgum gerðum, en sumt kom hingað vegna sér- stöðu vörunnar á heimsvísu eða hollustu, eða vegna tímabundins skorts á tiltekinni vöru sem þó var líka framleidd á Íslandi. Tómatar komu með flugfrakt frá Hollandi, sjófluttur parmes- anostur frá Ítalíu, jarðarber í flugi frá Egyptalandi, nýsjá- lenskt lambakjöt með skipi, Íberíuskinka frá Spáni og núna er auglýstur eldislax frá Síle, sennilega fluttur með flugvél- um til landsins. Nútíminn enn að verki, mætti halda, en ekki eins áhyggjulaus og árið 1964.

Fáum dettur í hug að setja alls konar lagaskorður við milliríkja- viðskiptum eða banna tiltekna vörusölu milli landa. Sumar

vörur eru ekki framleiddar til sölu í landinu okkar, aðrar eru skemmtilegur eða gagnlegur lúxus og enn aðrar eiga að dekkja tiltekinn vöruskort vegna árstíða. En samtímis er bráðnauðsynlegt að krefjast lágmarksskynsemi og umhverfisverndar. Ekki aðeins vöruframleiðsla á að vera sjálfbær heldur líka flutningur hennar og sala að því marki sem unnt er. Munum að sjálfbærni inniheldur einnig hugtakið hagkvæmni. Umhverfisvernd á ekki að „kosta hvað sem er“. En það má heldur ekki líta fram hjá henni eins og gert er víða. Menn láta eins og óheft og mengandi orkunotkun skipti ekki máli í viðskiptum.

Til þess að finna jafnvægi milli stórfelldra vöruflutninga á heimsvísu og neyslu heima- fenginna vara verður að kalla fram breytt viðhorf gríðarlegs fjölda manna. Það verður að endurskoða hagræðingu og sam- þjöppun framleiðslunnar. Okkur vantar nútímaviðhorf til styttri meginflutningsleika og notkun- ar vistvænna orkugjafa. Til þess að minnka orkunotkun í heild þarf að setja fram stefnu um nýt- ingu auðlinda í nærumhverfi og dreifa og endurskipuleggja inn- lenda framleiðslu í hverju landi um allan heim. Til alls þessa þarf ný viðmið um hagnað og sjálfsögð viðmið þar sem umhverfismál og orkunotkun eru reiknuð beint inn í hagfræðijöfnurnar. Um leið verður að breyta ýmsum alþjóða- samningum. Ísland á að vera í forystu hvað slíkt varðar.

Af hverju er allt þetta brýnt? Spyrjið þá sem eiga allt sitt undir veðrinu eða búsetu við sjávarsíð- una, næstu fjóra til fimm ára- tug. Spyrjið þá sem vita að tvö- falda verður matvælaframleiðsla heimsins á sama tíma. Verður þá ekki að treysta vel á heima- fenginn bagga til hliðar við milli- landaviðskipti?

Europpris

OPIÐ ALLA DAGA
KL. 11:00–18:00

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

ALLT Á AÐ
SELJAST!

Rýmíngarsala

20-50%

afsláttur í öllum verslunum Europpris

Dæmi um afslátt:

20%

afsláttur á allri
matvöru

30%

afsláttur á öllum
verkfærum

40%

afsláttur á öllum
fatnaði og skóm

50%

afsláttur á öllum
kertum

KRÓNAN

NÝTT

Tilbúnir réttir

- tilbúið á pönnuna!



1398 kr. kg

Grísk panna með grísakjöti



1398 kr. kg

Indversk panna með grísakjöti



1398 kr. kg

Miðjarðarhafspanna með grísakjöti



1398 kr. kg

Frönsk hvítlaukspanna með nautakjöti



1398 kr. kg

Ítölsk panna með nautakjöti

Ögurstund í Gálgahrauni

Náttúruvernd

Gunnsteinn Ólafsson
tónlistarmaður



Skýrt er kveðið á um það í Slögum að eldhraun á Íslandi njóti sérstakrar verndar. Allar framkvæmdir í eldhrauni eru því strangt til tekið ólöglegar. Gálgahraun á Álftanesi er eldhraun og auk þess náttúruvinnjaskrá sem eykur enn á verndargildi þess. Garðabær fer með skipulagsvald í Gálgahrauni. Bærinn hefur þegar látið reisa heilt íbúðahverfi í hrauninu. Enn fremur á að leggja nýjan Álftanesveg þvert yfir hraunið og aðra stöðbraut í kross frá norðri til suðurs. Bærinn sá reyndar sóma sinn í að fríða nyrsta hluta Gálgahrauns en tveimur þriðju hlutum þess á að fórna undir vegi og lóðir.

Komið er að ögurstundu í baráttunni um verndun Gálgahrauns. Nú skal á það reynt hvort lög um náttúruvernd á Íslandi hafi eitthvert gildi. Vegagerðin hefur fleytt umhverfismati nýs Álftanesvegar í gegnum allar eftirlitsstofnanir ríkisins athugasemdalest, líkt og skráddararnir sem þrönguðu „nýjum fötum“ upp á keisarann forðum án þess að nokkur þyrði að andmæla. Enginn hefur haft bein í nefinu til þess að benda á þá einföldu staðreynd, að það varði við lög að siga jarðýtum á eldhraun, hvað þá á eldhraun á náttúruvinnjaskrá. Rökstuðningur Vegagerðarinnar fyrir nýjum vegi er blátt áfram aumkunarverður. Þar segir að í Gálgahrauni sé ekki að finna neinar hraunmyndanir sem ekki megi finna annars staðar á Íslandi. Þetta eru merkileg tíðindi því einn helsti listmálari þjóðarinnar, Jóhannes Kjarval, lagði hraunið að jöfnu við þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Önýtt umhverfismat fallið úr gildi

Umhverfismat nýs Álftanesvegar rann úr gildi 22. maí sl. Því er haldið fram að nýtt hringtorg á Álftanesi og lagfæringar á gangstétt í Engidal í Hafnarfirði endurnýi sjálfkrafa umhverfismatið. Það er ekki rétt. Umhverfismatið á aðeins við um veginn sjálfan. Forsendur þessa tíu ára gamla mats eru líka gjörbreyttar. Ekkert verður af 8.000 manna byggð í Garðaholti og því síður að 22.000 bílar aki um veginn á sólarhring. Matið gerir ráð fyrir mismögum gatnamótum við Þróðahverfi eins og tugþúsundir

Álftanesi gjörbreytt

Fáir átta sig á því hversu umfangsmikil framkvæmd er hér á ferðinni. Algjörlega nýr veruleiki blasir við að henni lokinni. Það er ekki aðeins verið að leggja nýjan veg fyrir hundruð milljóna króna heldur þarf að skera tugmetra vegaxlir í hraunið báðum megin vegar og hlaða hálfslíða hljóðmön sunnanmegin. Tilgangslaust en rándýr mislæg gatnamót breyta náttúruvin í steingeldan steypumúr. Álftanes verður gjörbreytt. Þetta veit Vegagerðin og þegar þunna hljóði. Ekki eru birtar þrívíddarmyndir af mismögum gatnamótunum



Nýr vegur um Gálgahraun er tákmynd lögleysu, eyðileggingar, tilgangsleysis, fáfræði, græðgi og hroka og má aldrei verða að veruleika.

Íbúa leynist þar í gjótum og sprungum. Ekkert er minnst á menningarsögu hraunsins og þýðingu þess fyrir þjóðina. Margir Garðabæingar, Álftnesingar og Hafnarfirðingar muna eftir að hafa notið útveru og fríðsældar í Gálgahrauni. Þangað sóttu menn hrís til eldivíðar fyrir á öldum og vertíðarmenn teymdu austur á bóginn hesta sína klyfjaða fiski. Byrgi og skútar vitna um fjárbeit í árhundruð og Gálgaklettur gnæfa yfir til minnis um þá sem dæmdir voru til dauða á Bessastöðum. Slóðar og stígar geyma spor Snorra Sturlusonar, Fjölnismanna, Jóns Vídalíns biskups og alþýðu manna sem átti erindi við helstu höfðingja landsins allar götur frá landnámi. Svo virðist sem matsmönnum hafi hvorki verið ljós saga Álftanes né haft hugmynd um menningarmínjar í Gálgahrauni, hvað þá gert sér grein fyrir gildandi lögum um eldhraun á Íslandi.

né heldur veginum sjálfum, ekki einu sinni fyrir umhverfismatið. Unnið skal í skjóli þagnar og myrkurs, í þeirri von að við sofum eyðilegginguna af okkur. Hrauninu sunnan nýs Álftanesvegar verður breytt í lóðir, hraunmyndanir sem líkjast Dimmuborgum sprengdar í loft upp og Kjarvals-klettarnir frægu jafnaðir við jörðu.

Senn leggja vígentnar vinnuvélar til atlögu við Gálgahraun. Almennigur á einiskis annars úrkosta en að verja það með öllum tiltækum ráðum. Enginn má láta sitt eftir liggja þegar lög á Íslandi eru þverbrotin. Nýr vegur um Gálgahraun er tákmynd lögleysu, eyðileggingar, tilgangsleysis, fáfræði, græðgi og hroka og má aldrei verða að veruleika.

Þeir sem vilja mótmæla nýjum Álftanesvegi um Gálgahraun geta skráð nafn sitt á www.alftanesvegur.is. Einnig má fylgjast með gangi mála á Facebook-síðunni Verndum Gálgahraun.

Er fullt frelsi á flæði fjármagns?

Fjármál

Guðbjörn Jónsson
fv. ráðgjafi



Mikið er nú talað um frjálst flæði fjármagns milli landa. Af umræðunni mætti ætla að engar hömlur sé hægt að setja vegna slíks flutnings fjármagns. Þarna er á ferðinni afar mikill misskilningur, því í eðli sínu er alveg frjálst flæði fjármagns ekki til. Allar þjóðir þurfa að gæta þess að í landinu sé nægt fjármagn til eðlilegs reksturs og í EES-samningnum eru einmitt sett gagnleg ákvæði til að hindra flæði fjármagns sem gæti verið skaðlegt landshagsmunum.

Í 4. kafla III. hluta EES-samningsins kemur strax fram, í upphafi 40. greinar, atriði sem skipta máli. Þar segir svo:

„Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunur, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar.“

Þarna er fjallað um fé sem sannanlega er í eigu aðila sem búsettir eru í ríki sem á aðild að EES-samningnum. Þetta gefur skýrt til kynna, svo dæmi sé tekið, að óheimilt sé að taka fé að láni og flytja það síðan úr landi. Féð sem fer úr landi verður sannanlega að vera eign þess sem flytur það út og það verður sannanlega að vera til fjárfestinga en ekki til að leggjast inn á banka í öðru landi. Einnig segir svo í 2. málsgrein 42. gr. um lántökur til ESB- eða EES-ríkja:

„Lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eða sveitarstjórna þess skulu ekki boðin út eða tekin í öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum nema viðkomandi ríki hafi gert með sér samkomulag um það.“

Af þessu má sjá að flæði fjármagnsins er alls ekki eins frjálst og umræðan bendir til. Þarna kemur skýrt fram að t.d. séu hömlur á erlendum lántöku ríkis og sveitarfélaga. Um almenna markaðinn segir svo í 1. mgr. 43. gr.

„Kunni munurinn milli gjaldreyrisreglna aðildarríkja EB og EFTA-ríkja að verða til þess að menn, búsettir í einu þessara ríkja, færi sér í nyt þær rýmri yfirfærslureglur á yfirráðasvæði samningsaðila sem kveðið er á um í 40. gr. til þess að fara fram hjá reglum einhvers þessara ríkja um fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum getur viðkomandi samningsaðili gert víðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.“

Eins og þarna kemur einnig fram, eru skýrar heimildir fyrir hendi til að stjórna fjárstreyminu og stöðva flutning fjármagns úr landi, sem leitt geti til röskunar á starfsemi í viðkomandi ríki. Í 2. mgr. 43. gr. segir svo:

„Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndaráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.“

Eins og hér hefur verið rakið, eru margháttadir fyrirvarar í sambandi við flæði fjármagns. Mikilvægasti þátturinn er þó skýr, en það er frelsi til vöru og þjónustuvíðskipta og flutnings eigin fjármagns milli landa, en þó eftir þeim reglum sem í gildi eru.

Vegna þeirra atburða sem urðu hér með hrúni bankanna árið 2008, er kannski ekki úr vegi að líta á hvað lög nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki, segja um lántökur bankanna.

Í 3. gr. laganna er sagt að: „Eftirtalin starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögum þessum: 1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi: a. Innlán. b. Skuldaviðurkenningar.“

2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.“

Í 20. gr. laganna er fjallað um starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja. Í 14. liðum eru taldar upp heimildir þeirra til ýmiss konar starfa. En það sem vekur sérstaka athygli er að hvergi er minnst á heimildir fjármálaþyrirtækja til lántöku. Hvorki innlendir né erlendir.

Eins og fram kemur í 3. gr. laganna er eina heimild bankanna til útlána, að þau séu: Fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Þarna er beinlínis sagt að einu útlánum sem bönkunum eru heimil, eru frá innlánnum almennings, sem almennigur á jafnframt endurkröfu-rétt á.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að fullt frelsi til flutnings fjármagns milli landa er ekki til staðar samkvæmt EES-samningnum. Einnig er nokkuð ljóst að bankarnir okkar höfðu engar lagaheimildir til lántöku, hvorki hér á landi eða í útlöndum. Full ástæða er til að spyrja hvers vegna slíkt var látið viðgangast í mörg ár. Óhætt er að segja að þessar erlendu lántökur bankanna hafi verið meginástæða hruns fjármálastofnana okkar haustið 2008.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MATUR OG LÍKAMSRÆKT

Þegar stunduð er líkamsrækt er nauðsynlegt að gæta að mataræði. Ekki er ráðlegt að fara í ræktina án þess að borða. Hádegismatur er áriðandi fyrir þá sem þjálfa seinni part dags og sömuleiðis síðdegishressing. Gott ráð er að borða banana eða annan ávöxt 30 mínútum fyrir þjálfun.

FANTAFLOTTUR !



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

Teg MEGAN - vel fylltur push up í A,B,C,D á kr. 8.680,- buxur í stíl á kr. 3.550,-



FRÁBÆR DVÖL

„Hér hef ég dvalið í þrjár vikur í góðu yfirlæti og líkar dvölin frábærlega,“ segir norskri framkvæmdastjórinn Lars Henrik Krogh.

MYND/EYÞÓR

TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ AÐHALDSSAMFELLUR

Verð nú 9.900 kr.
skálastærðir: B-C-D-DD-E-F
litir: svart og húðlitur.

Selena

Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



Verð: 44.950 kr.

Blóðrásarörvun fyrir fætur

• Aukið blóðflæði • Minni bólga og bjúgur • Minni verkir

Opíð kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



FYRIR NORSKA ATHAFNAMENN

HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR Aðsókn erlendra gesta á Heilsuhóтелиð hefur aukist. Aðilar úr norsku viðskiptalífi hafa nú kynnst þjónustu hótelsins.

Sífelld færir í vöxt að erlendir aðilar notfæri sér þjónustu Heilsuhótelsins í Reykjanesbæ. Einn þeirra fjölmörgu sem hafa dvalið þar undanfarið er norskri framkvæmdastjórinn Lars Henrik Krogh en hann hefur dvalið á Heilsuhótelinu í þrjár vikur og misst á þeim tíma heil 17 kíló. „Ég kom hingað upphaflega með þremur félögum mínum og til samans höfum við lést um rúmlega 50 kíló. Þeir dvöldu hér í tvær vikur en ég hef verið hér í þrjár vikur og fer heim á sunnudaginn.“ Lars hrósar Heilsuhótelinu og starfsmönnum þess og segir að honum og félögum hans hafi ekki liðið betur í langan tíma.

Lars umfjöllun um Heilsuhóтелиð í norsku dagblaði en hann hafði um tíma verið að svipast um eftir stað til lífsstílsbreytinga. „Ég aflaði mér því upplýsinga á vef Heilsuhótelsins og fannst þetta allt saman mjög áhugavert. Ég var búinn að finna sambærilegan stað á Indlandi en fannst nú aðeins þægilegra að koma hingað en ferðast alla leið til Indlands. Hér hef ég dvalið í þrjár vikur í góðu yfirlæti og líkar dvölin frábærlega.“

Lars og félagar nýttu tímann vel á meðan meðferðin stóð yfir. „Það er búið að fara vel yfir mataræði okkar og ráðleggja okkur hvað megi borða og hvað ekki.“

Einblínt hefur verið á neyslu grænmetis og ávaxta og einnig drekkum við mikið vatn. Einnig er mikið um heilsudjúsa ýmiss konar. Hér er einnig lögð mikil áhersla á nudd og jóga og ekki má gleyma þeirri ráðgjöf sem við fáum varðandi mataræði okkar þegar meðferðinni lýkur hér.“ Auk þess hafa Lars og félagar stundað Bláa lónið af kappi, nýtt sér heilsulind hótelsins og skoðað náttúru Reykjaness.

Lars og félögum líkaði dvölin svo vel á Heilsuhótelinu að þeir ætla að beina fólki úr norsku viðskiptalífi þangað. „Það eru margir í norsku viðskiptalífi sem hafa áhuga á heilsuþættandi úrræðum og eru að leita sambærilegrar þjónustu og er í boði hér á Heilsuhóтели Íslands. Svo er mikill kostur við staðsetningu Heilsuhótelsins hvað það stendur nálægt flugvellið og því lítið um ferðalög.“

heilsuhótel
íslands

Næstu námskeið

Næsta tveggja vikna dvöl á Heilsuhóтели Íslands er 5. -19 október

Heilsuhelgi

19. -21 okt.

Upplýsingar í síma 5128040
www.heilsuhotel.is

soo.dk
soo young soo cool

OPNUM
Í DAG
í Faxafeni 10

15% opunarafláttur
2.-16. október

Pantið vörulista á
sala@soo.is

Erum á sama stað
og Friendtex og Praxis

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2878 • opíð mán.-fös. kl. 11:00-18:00, lau. 11:00-15:00
friendtex.is • praxis.is • soo.dk



Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur
á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reida sig á aðra. Margir lújubjálfarar, sjúkrapjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstaðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0-45° timbur/gífsloft.

Vilji
vilji.is

...Léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stíllanleg frá 225-307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.





STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 9. október 2012

BYRJENDANÁMSKEIÐ: þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

Skráning & nánari upplýsingar á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngugjálfi. Sími: 825 13 65.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngugjálfi. Sími: 694 35 71.

*Stafganga -
Áhrifarík leið
til líkamshættar*



NÝ SENDING!
MARINA RINALDI

Parísartízkán, Skipholti 29b, Sími 551 0770

Grindarbotn Kvennaheilsa

- Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
- Er grindarbotninn að trufla þig í ræktinni?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
- Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?

8 vikna námskeið, einu sinni í viku fyrir konur sem vilja bæta líðan sína og lífsgæði, hefst þriðjudaginn 9. október kl. 16.30 í Táp sjúkrahjálfun, Hlíðasmára 15, Kópavogi.

Takmarkaður fjöldi
Leiðbeinandi: Þorgerður Sigurðardóttir sjúkrahjálfari
Sérfræðingur í meðgöngu- og fæðingarsjúkrahjálfun

Skráning og nánari upplýsingar:
grindarbotn@gmail.com
eða í síma 564-5442




CHELLO
Náttúruleg lausn á breytingarskeiðinu

Líður þér eins og að sjóði á þér?

Hita- og svitakóf er oft fylgikvilli breytingarskeiðs kvenna

Chello hefur bætt líðan fjölda kvenna á þessu annars frábæra tímaskeiði.
Chello er náttúrulegt efni og fæst í þremur tegundum:



Grænn án Soja



Rauður fyrir konur yfir fimmtugt



Blár fyrir konur undir fimmtugt

Chello fæst í heilsuþúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna



www.gengurvel.is



GULLEPLI OG AFRÓ

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI MK heldur nú árlega Tyllidaga hátíðlega og eru dagarnir að þessu sinni með heilsutengdu ívafi.

Sú aukna umræða um hollustu og heilbrigða lífshætti sem verið hefur í gangi í þjóðfélaginu að undanförunu hefur ekki farið fram hjá nemendum Menntaskólans í Kópavogi. Þeir halda árlega Tyllidaga sína hátíðlega í vikunni og snýst þema þeirra í ár fyrst og fremst um að MK tekur nú þátt í að verða „heilsueflandi framhaldsskóli“.

„Við erum að reyna að breyta matarvenjum nemenda til hins betra. Við viljum losna við allan skyndimat eins og pitsu, franskar, kók og fleira úr skólanum. Í staðinn er lögð áhersla á að auka aðgengi að hollum mat. Til dæmis er hádegismaturinn mun hollari en áður og boðið er upp á salatbar og hægt að fá ávexti, hnetur og fleira,“ segir Vala Snorradóttir Wium, formaður Tyllidaganefndar.

Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“ verða að fylgja mjög ströngum reglum. Það er þó undir hverjum skóla komið hversu nákvæmlega hann fylgir reglunum og er það val hvers skóla. Ef öllum reglum er fylgt til hlítar er hægt að vinna hið svokallaða Gullepli en einnig er hægt að vinna Silfureplið og Bronseplið en þá þarf skólinn ekki að

uppfylla jafn mörg skilyrði. Að sögn Völu stefnir MK að sjálfsögðu á að vinna Gulleplið.

Hún segir nemendurna reyna að til-einka sér heilbrigðari lífsstíl með því að nýta sér þann holla mat sem fæst nú í mótuneyti skólans. „Nemendafélagið hefur líka reynt að koma með hugmyndir að einhverju sem nemendum fyndist spennandi að hafa í mótuneytinu, til dæmis að gera bústbar á gamla kaffibarnum sem er inni í matsal MK.“

Eins og áður sagði snúast Tyllidagar skólans í ár að miklu leyti um heilsueflandi verkefnið en að auki er suðrænt þema og er búið að skreyta skólann með pálmatrjám, ananas, páfagaukum og fleiru sem tengist þemanu. „Almennt snúast Tyllidagar um að brjóta upp hinn hefðbundna skólalag og gera eitthvað öðruvísi, bæði fræðandi og skemmtilegt. Nemendur geta mætt á fyrirlestra og svo skemmtilegar upptakomur í bland, til dæmis verður Bollywood-danskennta og húlahúla-keppni auk þess sem fyrirlestrar sem kallast „Reiknaðu hvað þú ert að borða“ og „Hjartalaga gulrótamúfur“ verða fluttir,“ segir Vala.

■ lilja.bjork@365.is

FORMAÐUR TYLLIDAGANEFNDAR

Vala hefur haft í nógu að snúast við að undirbúa Tyllidaga Menntaskólans í Kópavogi sem haldnir eru hátíðlegir þessa dagana.

MYND/GVA



AFRÓDANS

Nemendur MK lærðu afrísk spor og fengu andlega næringu beint í æð.

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Afríca, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendra grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsull Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.L., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.



Ferðamálskóli Íslands
Ferðamálskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ
sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

S A F T

MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!



Heimili og skóli
www.saft.is

BÍLAR & FARATÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



SÁ FLOTTASTI!

Landrover Discovery 4 HSE 03/2012 ek 7 þ.km 3 L Diesel 256 HÖ 7 manna hlaðinn búnaði ma Leður, 20" felgur ofl verð 14.8 mil (skipti möguleg)

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

STÓRA BÍLASALAN



Skoda Octavia 2.0TDi 4x4 Combi Árgærd 6/2011, ekinn 62þ.km, sjálfskiptur. Flottur, sparneytinn, fjórhjóladrifsbíll sem er á staðnum! Verð 3.990.000kr. Raðn 153791. Sjá á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirlit á plani
http://www.stora.is

BÍLALIND.IS



JEEP PATRIOT LAREDO 4X4 07/2009, ekinn aðeins 48 þ.km, sjálfskiptur. Mjög flott eintak! Verð aðeins 2.890.000. Raðnr. 284663 - Jeppinn er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 120. Árgærd 2006, ekinn 111 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.170002.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

BÍLALIND.IS



JEEP LIBERTY SPORT 4X4 Árgærd 2004, ekinn 88 þ.km, sjálfskiptur. Flott eintak! Verð 1.290.000. Raðnr. 284664 - Jeppinn er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



SUBARU Legacy lux. Árgærd 2007, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.110317. Tilboð kr: 1.990.000,-



SUBARU Legacy lux. Árgærd 2007, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.110317. Tilboð kr: 1.990.000,-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilauppbod.is

Parftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

J.R.BÍLASALAN
BILDHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
Sími: 567-0333 www.jrbilar.is



RENAULT Trafic vrachtwagen. Árgærd 2007, ekinn 132 þ.km, dísel, 6 girar. Verð 1.690.000. Rnr.154047.



M.BENZ O560. Árgærd 2000, ekinn 230 þ.km, dísel, 6 girar. Verð 5.750.000. Rnr.153980.



SUBARU Legacy. Árgærd 2005, ekinn 153 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.154382.



DODGE Ram 2500 van. Árgærd 1996, ekinn 60 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verðtilboð Kr 390.000. Rnr.153237.



VW Transporter single cab. Árgærd 2002, ekinn 244 þ.km, dísel, 5 girar. Verð 590.000. Rnr.154348.

JR Bílasala
Bildshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
Okkur vantar bíla á skrá og í staði
www.jrbilar.is




Land Rover Range Rover Supercharged Vouge, Árg 6/2007, ek 68þ.KM, Með öllum aukabúnaði, lítur út sem nýr, Ásett verð 8.900þ.kr, Rnr.117183. Er í salnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Hyundai i30 1,6 árg. 2008 Ekinn 70 þ km, Sjálfskipting Vetrardekk á 17" álfelgum Sumardekk á 18" álfelgum Glæsilegur bíll Verð 1.950.000 uppl. í síma 6958464 eða drifaatladottir@yahoo.com



Opel Vectra árg.98 1,6 motor, 5 girar, skoðaður ,13. Verð 250þús. Sími 616 2597.



Audi A6, sjálfskiptur 4x4, B turbo og bensín. Allt rafdrifið. Árg. ,01 des. Verð 650þús. Ek. 170 km. S. 616 2597.



Til sölu Ford mondeo árg'99 ek.150þús Verð 250þús. Sími: 898 1409

Til sölu Hyundai Sonata ,92. Skoðaður. Verð hugmynd 50-70 þús. S. 862 8187

Til sölu Ssangyong Musso ,96. Ek. 220 þús. Skoðaður 2013. S. 861 5673.

Volkswagen Vento ,97. Ekinn 209 þús. Sjálfskiptur. Ný skoðaður. Ný tímareim. CD. Verð 130 þús. S. 777 4426.

0-250 þús.



Skoðaður bíll á 160 þús
NISSAN PRIMERA 1,6 árg'00, beinskíptur, cd, sk.13, útlit er ekkert til að hrópa húrra yfir! en þó ekkert ryð og keyrir fint, ásett verð á sambærilega bíla er um 400 þús þessi fæst á 160 þús stgr s.841 8955

250-499 þús.



Vw Bora árg. ,99, beinsk, vél 1.6 sko ,13, ek. 202 þús, góð vetrardekk, góður bíll. Verð 385 þús. GSM 868 2352.

!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgærd ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar



Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastuðin sími 568-5000.

Hjólbarðar



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98, Kia Rio ,02, Benz 230E ,97, Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.



Partalistinn.is

Notaðir varahlutir til sölu og óskast. Ókeypis skráning fyrir alla.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girksassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00. MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98, Baleno Wagon ,97, MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,98, Escord ,98, Accent ,95 & ,97 & ,98 ,99, Impreza ,97 & ,99, Legacy ,98, Almera ,98, Carina ,99, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

Viðgerðir

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmiði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

Kerrur



ÚTSALA á kerrum
Brenderup Alugance 205. 203x116x30cm. Verð áður kr.236.000, verð nú kr.205.000. Lyfta.is - 421 4037 - www.lyfta.is



Örfáar kerrur eftir á tilboði 135þ.m/vsk Topplausnir smiðjuvegi 40 s:517-7718 www.topplausnir.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfþónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja



Trjáfellingar og stubbatæting
www.hreinirgardar.is
S.571-2000



Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningafélagið Borg
Sérhæfum okkur í að þjónusta húsfélög, ábyggð fylgir öllum verkum, rösk og örugg þjónusta. S. 779 0900

Málrameistari
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjart verð. Egill s. 868 5171.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Viðhald fasteigna.
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. máln, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinnu. S. 616 1569.

Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjart verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

Spádómar



661 3839 - Símaspá
Tímabantanir frá kl. 16.00.

Spásími 908 7000
Spámiðlun, tarot, fyrirbærir, algjör trúnaður. Opíð frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímabant. s. 891 8727 Stella.
Les í spil, bolla, kúlu og árum. G Ben 647 2260.

Tilkynningar

Hluthafafundur verður haldinn í Genomic Holding S.A. 9.október næstkomandi á 2, rue des Dahlias, L-1411 Luxembourg.
Hægt er að nálgast upplýsingar um fundinn á: erla@thuleinvestments.com

Námskeið

Verkstjórnarnámskeið

Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

Markmiðið er að þjálfna millistjórnendur í að taka á málum er varða hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir tuttugu. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Hvatning og starfsánægja
- Nútíma stjórnunarhættir
- Mannauðsstjórnun
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **5. nóvember 2012**.

Ath: Verkstjórnar geta sótt um styrk í menntunarsjóð VSSI og SA fyrir allt að **80% af námskeiðsgjaldi**. Umsóknar-eyðublað er að finna á www.vssi.is undir eyðublað.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar www.nmi.is.



Atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Framtíðarstarf þroskabjálfa eða starfsmanns með uppeldismenntun

Óskum eftir að ráða þroskabjálfa eða aðila með menntun sem nýtist í starfi í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk og geðfatlað fólk í Hafnarfirði.

Helstu verkefni:

- Setja upp þjónustuáætlanir og þjálfunaráætlanir.
- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.
- Vinna í samstarfi við forstöðuþroskabjálfa að stefnumótun heimilisins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samvirkusemi.
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 25 ár.

Í boði er:

- Spannandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni
- Vaktavinna

Upplýsingar um störfni veita:

Stella Á. Kristjánsdóttir stellak@hafnarfjordur.is eða í síma 5442360/6645726

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 10. október 2012. Upplýsingar um starfið veitir Stella Á. Kristjánsdóttir í síma 5442360 eða 6645725. Umsóknnum skal skilað á netfangið stellak@hafnarfjordur.is

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði

Skemmtanir



Sveitasetrin Kjós og Grímsá

Hópefli, hvatarferðir, fundir, veislur. Hentugt fyrir stóra sem smáa hópa. Nánari upplýsingar Júlíus s 892-9263. www.hreggnasi.is

Iðnaður

Getum bætt við okkur smáum sem stórum verkefnum í mótaupplætti. Erum með mót og krana. Uppl. í s. 898 2062 & 899 6482.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hyllki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



CAPRI COLLECTION áður GREEN-HOUSE.

Fallegur og vandaður kvænnfatnaður á konur á öllum aldri. Góð tilboð á eldrivörum. Frír bæklingur. Opíð í dag þriðjudag 13-17 og miðvikudag frá 13-17 og laugadaga 11-14. Verið velkomin. Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík Sími 7772281

KEYPT & SELT

Til sölu

BLÁSARI

TILBOÐ FRÁ: 29.900 KR

ishúsið

Tryggðu góð loftskipti. Verð frá 29.900 kr. án barka. Ishúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

KÆLIKLEFAR

ishúsið

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Ishúsið ehf, www.ishusid.is S.566 6000

KÆLIMIÐLAR

15 ÁRA REYNISLA

ishúsið

Ammoníak og Freon kælimiðlar á tilboði. Ishúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

ÞURRTÆKI

LOSNAÐU VIÐ FUKKALYKTINA ishúsið

Stjórnaðu rakastiginu í geymslum, tækjarymum eða á heimilinu. Ishúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

Ódýr heimilstæki

Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Óskast keypt

Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi gull!

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáðið góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Verslun



Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.

Nýjar vörur í hverri viku. Opíð 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. Sími 695-6679

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Frá 1957

Sverrir Kristjánsson löggr. fasteignasali

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Hvassaleiti - Fyrir eldri borgara

Falleg 72,5 fm íbúð á 1. hæð í einstaklega vel staðsettu lyftuhúsi. Rúmgóð stofa með útgengi út á verönd til suðvesturs. Húsvörður í húsinu. Hægt að fá keyptan heitan mat í hádeginu. Ýmiss þjónusta í húsinu svo sem hárgreiðslu- og fótaaðgeðrastofa. Skipulagt félagsstarf. Heitur matur í hádeginu. Íbúðin fæst mögulega leigð. **V. 25,4 millj.**

FJÖLVARP

KEEPING UP WITH THE KARDASHIANS

E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖD2.IS

FJÖLVARP

ID INVESTIGATION DISCOVERY

Eina sjónvarpsstöðin í heiminum sem helguð er sönnunum sakamála

ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖD2.IS

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Líkamsrækt



HAUSTILBOÐ BAILINE
10 + 2 og 20+5. Frír prufutími s. 5680510 www.bailine.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is


Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348.

Atvinnuhúsnæði

51,6 m² iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

70 fm verslunarhúsnæði á götuhæð til skammtímaleigu á Skólavörðustíg 22a. Í 2-6 má, frá 1. nóv. Uppl. í s. 691 1963.



Kvöld- og helgarvinna.
Við leitum að öflugum og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára. Uppl. í síma 647-4700. dagvinna@simstodin.is

Þjónn óskast!
Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnáttu skilyrði. Upplýsingar í síma 899 1965.

Atvinna óskast

Vantar þig forritara með mikla reynslu?
Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði - BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar. Starfsmannþjónustan s .661-7000

TILKYNNINGAR

Fundur



Lífssýn heldur félagsfund, í kvöld þriðjudag 2. október kl. 20:30 í Hannesarholti, að Grundarstíg 10. Erla Stefánsdóttir flytur fyrirlestur sem hún nefnir „Mystik“. Léttar veitingar. Aðgangseyri kr. 1000,-. Allir velkomnir. Fundir einnig auglýstir á heimasíðu félagsins: www.lifssyn.com Stjórnin

Barnið

Flottar Jazz og balletvörur í miklu úrvali



Fimleikabólir • Tátíljur Jazz og ZUMBA skór Dansfatnaður omfl.

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68 • S. 568 4240 astund.dance

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m². Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði



Óskum eftir vönum manni á dekkjaverkstæði okkar. Aðeins stundvís og áreiðanlegur starfsmaður kemur til greina. Umsóknir óskast sendar á radning@vdo.is

Vantar þig Smíði, múrafa eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Starfsmannþjónustan S. 661 7000.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Lærið að syngja
Get tekið söngnemendur í einkatíma. Kenni bæði klassískan söng sem og aðra söngstíla. Er söngkennari með 1 árs diploma í Complete vocal technick auk mikillar söngreynslu. Uppl. hjá Svövu í 867 7882.

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri Stefnumót: 905-2000 • 535-9920 Konur, allt frítt í s. 555-4321 Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930

Símadómur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Fasteignir



2ja herbergja
54 fm



VERÐ: **16,9 MILLJ.**

3ja herbergja
124 fm



VERÐ: **31,9 MILLJ.**

4ra herbergja
170 fm



VERÐ: **52,9 MILLJ.**

Boðaping 10-12

- Íbúðir við allra hæfi. Stærðir frá 54-170 fm
- Útivistarperlan Elliðavatn og golfvöllur í næsta nágrenni
- Þjónustumiðstöð m.a. sundlaug, mótuneyti ofl.
- Húsvirki - vandaðir verktakar í 30 ár



55

PÁLMI GESTSSON, leikari og félagi í Spaugstofunni, er 55 ára í dag „Persónulega finnst mér við bestir þegar við rýnum í mál sem einhverju skipta, skoðum þjóðþrifamál frá fleiri sjónarhornum en gert er af ráðamönnum.“

†
Ástkær eiginmaður minn,
BJÖRN KRISTJÁNSSON
verslunarmaður,
Austurgerði 1, Reykjavík,
lést á heimili sínu föstudaginn
21. september. Útför hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Auður B. Hauksdóttir



†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma,
ELÍN FRÍÐJÓNSDÓTTIR
lést á Sólvangi fimmtudaginn 27. september
síðastliðinn. Útförin fer fram frá Frikirkjunni
í Hafnarfirði fimmtudaginn 4. október
kl. 13.00.

Ólína Margrét Jónsdóttir
Jón Ellert Jónsson
Einar Kristján Jónsson
Sturla Jónsson

Steinn Sveinsson
Valdís Birna Guðjónsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Svala Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



†
Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma
og langamma,
SVANHVÍT SIGURÐARDÓTTIR
lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn
16. september. Útförin fór fram í kyrrþey að
hennar ósk. Hjartans þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð og hlýhug.
Okkar innilegustu þakkir sendum við
starfsfólki Droplaugarstaða. Heimilisfólki á A gangi, 3. hæð
og aðstandendum þeirra þökkum við samfylgdina.

Katrín Gísladóttir
Guðný Rósa Gísladóttir
Sif Björk Hilmarsdóttir
Ylfa Kristín K. Árnadóttir
Svanhvít Yrsa Árnadóttir
og Hilmar Þorgnýr Hákonarson

Árni E. Stefánsson
Guðmundur Pálsson
Erling Daði Emilsson



†
Bróðir okkar, frændi og vinur,
GOTTSKÁLK EGILSSON
frá Mið-Grund, Skagafirði,
Ægisgötu 6, Akureyri,
lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn
18. september. Útför hans fer fram
frá Akureyrarkirkju föstudaginn
5. október kl. 13.30.

Oddný Egilsdóttir, Lilja Egilsdóttir, frændfólk og vinir.



†
Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir,
bróðir, tengdafaðir og afi,
PÓR JENS GUNNARSSON
kennari og rafvirki,
til heimilis að Esjurgund 23, Kjalarnesi,
varð bráðkvaddur á heimili sínu þriðjudaginn
25. september. Útförin verður auglýst síðar.

Áslaug Þorsteinsdóttir
Sigurlaug A. Stefánsdóttir
Björn Markús Þórssón
Sonja Þórey Þórsdóttir
Steinunn Þórsdóttir

Steinunn Ósk Þorleifsdóttir
Jóhann Guðbjargarson
Margrét Grétarsdóttir



†
JÓN HELGI HARALDSSON
Hraunbæ 152,
lést á krabbameinsdeild Landspítalans
sunnudaginn 23. september. Útförin fer
fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn
3. október kl. 15.00. Blóm og kransar eru
afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á söfnunarreikning: 0326-13-113909
fyrir legsteini.

Fyrir hönd aðstandenda
Orri Sveinn Jónsson
Inga Gunnarsdóttir
Halldóra Ólafsdóttir
Birna Sigurðardóttir



†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
ÞORGERÐUR JÖRUNSDÓTTIR
áður til heimilis að Bakkavör 9,
Seltjarnarnesi,
andaðist á Hjúrunarheimilinu Eir
miðvikudaginn 19. september. Útförin fer
fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn
4. október kl. 15.00.

Anna María Hilmarsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson
Þorgerður Jörundsdóttir
Þuríður Elfa Jónsdóttir
Jóhanna Símonardóttir
Hilmar Þorsteinsson
og barnabarnabörn.

Guðrún Sóley Guðjónsdóttir
Þorsteinn Jörundsson
Jörundur Jörundsson
Steinunn Guðmundardóttir
Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir



†
Móðir, tengdamóðir og amma,
FRÍÐA HELGADÓTTIR
Árskógum 8,
Reykjavík,
andaðist miðvikudaginn 26. september
á líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin
fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn
5. október kl. 13.00.

Elín Bjarnadóttir
Helgi Bjarnason
Fríða Dís Bjarnadóttir
Fríða Stefánsdóttir

Leifur Gústafsson
Ragnar Bjarni Stefánsson



†
Faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,
KRISTINN T. MÖLLER
Bassi frá Siglufirði,
Gullsmára 9, Kópavogi,
sem lést 23. september, verður jarðsönginn
frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. október
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Harpa Möller
Jón Ómar Möller
Bylgja Möller
Órvar Möller

Sigurður Ingólfsson
Magna Sigbjörnsdóttir
Gísli Þór Gíslason
Ólöf Björnsdóttir



†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
ÓSKAR BJÖRN GUÐMUNDSSON
Miðhvammí, Húsavík,
sem lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga,
Húsavík, sunnudaginn 23. september,
verður jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju
miðvikudaginn 3. október kl. 14.00.

Alda Guðmundsdóttir
Svandís Óskarsdóttir
Jóhanna Óskarsdóttir
María Óskarsdóttir
Guðmundur Karl Óskarsson
Aðalsteinn Óskarsson
Hafliði Óskarsson
Fríðbjörg Óskarsson
Jónas Óskarsson
Kristbjörn Óskarsson
Bjarni Sigurður Aðalgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Jóhannsson
Óskar Tómas Björnsson
Einar Þór Kolbeinsson
Hanna Jóna Geirdal Guðmundsd.
Halldóra Kristjánsdóttir
Gabriela Lecka
Ingibjörg María Karlsdóttir
Lovísa Ósk Skarphéðinsdóttir
Anna María Bjarnadóttir
Jóhanna Rannveig Pétursdóttir



†
Elsku pabbi okkar, afi, tengdapabbi, bróðir
og vinur,
INDRÍÐI INDRÍÐASON
Aðalbraut 67, Raufarhöfn,
lést 24. september á líknardeildinni í
Kópavogi. Bálför mun fara fram í kyrrþey að
ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra
sem önnuðust hann í veikindum hans.

Sigurros Ynja
Gunnar
Ævar
Þórhallur Darri Sigurjónsson
Sólrun Hvönn Indriðadóttir
Sigrún Björnsdóttir
Björn Björnsson
Sigurður Björnsson
Jón Halldór Björnsson
og aðrir aðstandendur.

Sigurjón Baldursson
Jón Sigmar Jónsson
Kristín Jóhannsdóttir
Hanna Ingimundardóttir



Spjaldanna á milli í Gerðubergi

Ólöf Einarsdóttir myndlistarkona mun kynna hið forna handverk spjaldvefnað í handverkskaffi í Gerðubergi annað kvöld klukkan 20.

Spjaldvefnaðurinn er vefnaðaraðferð sem tíðkaðist víðs vegar um landið fyrir á öldum. Eins og nafnið gefur til kynna eru spjöld notuð til verksins, ferhyrnd, u.þ.b. 10 sentimetrar á hvern veg og eru fjögur göt á hverju spjaldi. Bönd eru ofin með spjaldvefnaði og ákvarðast breidd bandanna á fjölda spjaldanna.



OFIN BÖND Spjaldvefnaður hefur tíðkast um aldir.

Spjaldvefnaðurinn er ævagamalt handverk sem barst hingað til lands með landnámi en á sér miklu lengri sögu.

Fundist hefur spjaldvefnaður í Egyptalandi sem er frá því í kringum 945 f.Kr. og vitað er að handverkið þekktist í Kína fyrir u.þ.b. 5000 árum.


Stiklað verður á sögulegum þáttum spjaldvefnaðar og kynntar nokkrar aðferðir. Aðgangur er ókeypis og gestum gefst tækifæri til að prófa að vefa.

Ólöf Einarsdóttir útskrifaðist úr textíleild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1985. Hún hefur unnið að listsköpun síðan og einkum notað spjaldvefnað í verk sín, bæði veggmyndir og rýmiverk.

PETTA GERÐIST: 2. OKTÓBER 1967

Fyrsti þeldökki hæstaréttardómarinn

Á þessum degi árið 1967 var fyrsti blökkumaðurinn svarinn í embætti hæstaréttardómara í Bandaríkjunum. Þetta var Thurgood Marshall sem barðist hart fyrir réttindum blökkumanna alla sína tíð. Marshall fæddist í Baltimore árið 1908 og var barnabarn þræls. Hann nam lög við háskóla í Washington sem eingöngu var ætlaður blökkumönnum þar sem honum var neitað um innngöngu í lagadeild háskólans í Maryland vegna húðlitar. Hann útskrifaðist efstur í sínum bekk árið 1933.



Hann tók að sér mál er vörðuðu jafnrétti blökkumanna, einkum þau sem lutu að menntun, og vann þau nær öll.

Árið 1961 tilnefndi John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, Marshall sem dómara í áfrýjunardómstólum. Margir voru þessu andsnúnir og einkum þingmenn frá Suðurríkjunum. Tilnefningin var því ekki staðfest fyrr en ári síðar. Árið 1967 tilnefndi Lyndon Johnson forseti Marshall í embætti hæstaréttardómara. Johnson sagði við þetta tilefni: „Þetta er hið eina rétta að gera, þetta er rétti tíminn, rétti maðurinn og rétti staðurinn.“

Eftir töluvert málþóf var Marshall samþykktur í embættið og 2. október sór hann embættiseið. Hann gegndi stöðu hæstaréttardómara í 24 ár, en lét af störfum árið 1991 vegna hrakandi heilsu. Hann lést tveimur árum síðar.

†
Elskulegur bróðir minn og frændi okkar,
GUÐMUNDUR GÍSLASON
Heiðarbraut 9, Garði,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann
27. september síðastliðinn. Jarðarförin
auglýst síðar.

Magnús Gíslason
Ásta Magnúsdóttir
Jóhanna Magnúsdóttir
Þóra Björg Magnúsdóttir
Sólveig Ólöf Magnúsdóttir



†
Kær bróðir okkar og mágur,
RAGNAR HALLVARÐSSON
Höfða, Akranesi,
lést 27. september. Útför hans fer fram
frá Akraneskirkju fimmtudaginn
4. október kl. 14.00.

Guðrún Hallvarðsdóttir
Jón Sævar Hallvarðsson
Halla Guðrún Hallvarðsdóttir
Arnfinnur Hallvarðsson
Einvarður Hallvarðsson
og systkinabörn.

Jóhanna Arnbergsdóttir
Ásgeir Samúelsson
Guðrún Berta Guðsteinsdóttir



ÚTLIT FYRIR GÓÐA ÆFINGU

CASALL FATNAÐUR ER FYRIR ÞÁ SEM VILJA TAKA Á ÞVÍ Í RÆKTinni.

Það er ÚTLIT FYRIR AÐ ÞÚ NÁIR HÁMARKSÁRANGRI Í VETUR.



VERÐ: 11.990 KR.

HLÝRABOLUR

Tvöfaldur netabolur, öndunarefni, fljótþornandi. Litur: Svartur og feskjulitur.



VERÐ: 8.990 KR.

HLÝRABOLUR

Síður, mjúkur og úr fljótþornandi RapiDry efni. Litur: Bleikur.



VERÐ: 9.490 KR.

STUTTERMABOLUR

Mjúkur, úr fljótþornandi RapiDry efni. Litur: Svartur, bleikur og skærbleikur.



VERÐ: 14.990 KR.

ÆFINGAPEYSA

100% bómull. Litur: Svartur, rauður.



VERÐ: 9.990 KR.

BRJÓSTAHALDARI

Mikill stuðningur, fljótþornandi efni og góð öndun. Litur: Svartur.



VERÐ: 13.990 KR.

ÆFINGABUXUR

Fljótþornandi RapiDry efni. Frábætt snið. Litur: Svartur.



VERÐ: 10.990 KR.

CLASSIC JAZZPANT

Regular fit. Sensitive efni, þunnt, létt og teygjanlegt m/bandi í skálmum. Frábætt snið. Litur: Svartur.



VERÐ: 12.990 KR.

SÍÐERMA PEYSA

Efnið er mótandi, fljótþornandi og gefur aðhald. Litur: Bleikur.



VERÐ: 15.990 KR.

HLAUPAJAKKI

Vatnsfráhrindandi öndunarefni með endurskini. Litur: Bleikur.



VERÐ: 7.990 KR.

ÍPRÓTTATOPPUR

Miðlungsstuðningur, fljótþornandi RapiDry efni. Litur: Svartur, hvítur, bleikur, rauður og feskjulitur.

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. læra, 6. eftir hádegi, 8. málmur, 9. gilding, 11. karlkyn, 12. bani, 14. yfir-stéttar, 16. frá, 17. skammstöfun, 18. hár, 20. tveir eins, 21. leiktæki.

LÓÐRÉTT

1. tilraunaupptaka, 3. tveir eins, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. rölt, 7. vatnafló, 10. tímabil, 13. spor, 15. þekking, 16. for, 19. tveir eins.

LAUSN

skyn, 16. aur, 19. ll.
5. ark, 7. halaflo, 10. tfo, 13. far, 15. LÓÐRÉTT: 1. demó, 3. ee, 4. síkiley,

rek, 18. ull, 20. yy, 21. róla.
LÁRÉTT: 2. lesa, 6. eh, 8. eir, 9. mat, 11. kk, 12. ólfti, 14. aðals, 16. af, 17.

Sannleikur í hættu**BAKPANKAR
Kolbeins
Óttarssonar
Proppé**

Óft er sagt að fyrsta fórnarlambið í stríði sé sannleikurinn. Það má til sanns vegar færa og á við í fleiri tilvikum en beinhörðum stríðsátökum. Raunar má segja að afskaplega margt í mannlegri tilveru byggji á því að hnika sannleikanum til, skreyta og fegra. Við þykjumst betri í einhverju en við erum, hissa á einhverju sem við bjuggumst við eða gumum af því á Facebook að hafa sko vel vitað eitthvað á undan öllum öðrum sem enginn gat vitað með vissu. Svo er það blessuð pólitíkin.

NÚ er sá tími að fara í hönd að stjórn-málamaðmenn þurfa á okkur kjósendum að halda. Ekki verður lengur fram hjá því horft að við erum þjóðin og þingmenn eru í vinnu hjá okkur. Við höldum fram-tíðarþráðum þeirra í höndum okkar. Og nú þarf að sannfæra okkur um að þeir séu þeir réttu til að starfa í okkar þágu á Alþingi. Og þá má sannleikurinn fara að vara sig.


ÞAD er nefnilega lenska, í það minnsta hér á landi og líklega mun víðar, að grípa til þeirra ráða til að fegra eigin hlut að ófegra ann-arra þátt. Þannig munu stjórnar-flokkarnir segja okkur að allt fari fjandans til taki stjórnar-andstöðuflokkarnir við völdum. Þeir munu guma sig af glæstum

árangri stjórnarinnar og reyna að sann-færa kjósendur um að heill landsins felist í áframhaldandi völdum þeirra. Stjórnar-andstaðan mun hins vegar lýsa því fyrir okkur hvernig allt er á vonarvöl – gott ef ekki verra en við hrunið – og landið muni ekki rísa fyrr en hún, einmitt hún, komist að stjórnvöldum.

OG við þessa iðju mun blessaður sann-leikurinn verða heldur framlágur. Hrein-skilnin, einlæginn, mun þurfa að snúa sér að öðru. Þess í stað verður mannleg til-vera smættað niður í einföld kosningalof-ord í auglýsingastíl svo kjósendur vita vart hvort þeir eru að velja sér fulltrúa á þing eða kaupa sér þvottafæni. Kannski sitt lítið af hvoru.

MANNSEKPNAN getur búið til mögnuð tækniundur, sótt út í geim og inn í smæstu örverur. Henni virðist hins vegar ganga illa að koma sér upp kerfi sem byggir á heiðarleika, upplýsingum og þeirri einföldu kennisettningu sem öllum er einhvern tímann kennd á lífsleiðinni: Ekki ljúga.

KÆRI frambjóðandi. Þegar þú reynir að fá atkvæði mitt, segðu mér þá bara satt. Segðu mér ef þér mistókst einhvers staðar eða hvað gekk vel og taktu ábyrgð á brest-um þínum. Það eykur líkurnar á því að þú fái mitt atkvæði til muna.

myndasögur**■ Pondus**

Eftir Frode Overli

■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Ljósmyndasamkeppni
Fréttablaðsins**HAUSTIÐ
2012**


Taktu þátt í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins um haustið. Sendu inn mynd sem tengist haustinu með einum eða öðrum hætti og þú gætir unnið 22" Philips LED sjónvarp.

Skilafrestur á myndunum er til hádegis þann 3. október. Vinningsmyndin verður á forsiðu Fréttablaðsins þann 6. október en vinningshafi fær að auki 22" Philips LED sjónvarp frá Heimilistækjum. Leikhúsmiðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið koma í hlut annars og þriðja sætis.

Sendu inn mynd á ljosmyndakeppni@frettabladid.is



TRYLLT TÖSKUÚTSALA



15 - 60% afsláttur af bakpokum, skóla- og ferðatöskum



Bakpokar frá
760 kr.
stykkið



Eastpak, JEVA og Beckmann bakpokar með **15%** afslætti



Ferðatöskur frá
3.199 kr.
stykkið

MALTA
ferðatöskur frá
5.000 kr.
stykkið



Opið:

Alla virka daga

Kl. 10-22

Laugadaga

Kl. 11-22

Sunnudaga

Kl. 13-22





LJÁÐU OKKUR EYRA Hádegistónleikar Fríkirkjunnar undir stjórn Gerrits Schulz hefja göngu sína á ný á morgun klukkan 12.15. Hvorki dagskrá né flytjendur eru auglýstir fyrir fram. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Öryggisgæsla aukin vegna Íslenskra fugla

Ríflega 50 eintök eru seld af þeim 100 sem gefin voru út af hátíðarútgáfu bókarinnar Íslenskir fuglar eftir Benedikt Gröndal. Bókin hefur verið til sýnis í Eymundsson í Smáralind í rúma viku og að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá útgefanda bókarinnar, Crymogeu, hefur verið stöðugur straumur fólks til skoða bókina og hefur eitt eintak selst á dag síðan sýningareintakið kom í Smáralind. Bókin er sú dýrasta sem fæst á almennum markaði en hún kostar 230.000 krónur.



Viðskiptavinir þurfa að setja upp sérstaka hlífðarhanska áður en þeir handleika gripinn og hefur öryggisgæsla í versluninni verið aukin.

Bókin er nákvæm endurgerð handrits Benedikts Gröndal (1826-1907) sem hann gekk frá um aldamótin 1900. Hún er handinnbundin í sérsútað sauðaleður frá Sjávarleðri á Sauðárkróki af Ragnari Einarssyni bókbindara og er í sérsníðuðum viðarkassa.

- sbt

UPPLIFÐI ÖLD ÖFGANNA

Breski sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm lést í gær 95 ára að aldri. Guðmundur Hálfðánarson prófessor í sagnfræði segir að yfirlitsbækur Hobsbawm um 19. og 20. öldina og bækur um þjóðernisrannsóknir standi upp úr á löngum ferli fræðimannsins.

Breskir fjölmiðlar fjölluðu allir ítarlega um ævi og verk Erics Hobsbawm í gær enda einn þekktasti sagnfræðingur þarlendra. Hobsbawm var 95 ára þegar hann lést. Hann var virkur höfundur fram á síðustu ár ævi sinnar. Einingis tvö ár eru síðan gaf hann út bókina How to Change the World þar sem hann færir rök fyrir gildi þess að þekkja og lesa kenningar Marx. Hobsbawm var marxisti og kommúnisti alla sína tíð, en hann hélt þó uppi harðri gagnrýni á það sem honum þótti miður fara í framkvæmd stefnunnar. Í minningargrein breska dagblaðsins The Guardian er bent á að það hafi til að mynda verið fjöður í hans hatt að verk hans fengust aldrei útgefin í Sovétríkjunum. Í sömu grein kemur fram að langt er síðan Hobsbawm öðlaðist viðurkenningu hægrisinnaðra kollega fyrir gríðarlegt framlag sitt til sagnfræði.

Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, segir að lífs- hlaup Hobsbawms og uppruni hafi veitt honum víðara sjónarhorn en flestra engilsaxneskra sagnfræðinga. „Hann ólst fyrstu árin upp á meginlandi Evrópu og öðlaðist þannig tungumálaþekkingu og sjónarhorn sem honum tókst að nýta sér og miðla inn í fræðirit sín.“

Hobsbawm var barnabarn pólsks gyðings sem flutti til Bretlands. Öll börn hans, þar á meðal faðir Hobsbawms, voru breskir ríkisborgarar. Móðir hans kom úr millistéttarfjölskyldu í Vínarborg og þar ólst hann upp sín fyrstu ár



ERIC HOBSBAWM „Er eitthvað sem Hobsbawm veit ekki?“ var spurning sem félagar hans á námsárunum í Cambridge spurðu sig oft. Þess má geta að meðal nágranna hans þar var heimspekingurinn Wittgenstein.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÞEKKTASTI SAGNFRÆÐINGUR HEIMS?

Eric Hobsbawm tilheyrði „örlitlum hópi“ sagnfræðinga sem er þekktur um allan heim, sagði í Guardian í gær. Ritaskrá hans var býsna tilkomumikil en yfirlitsrit hans fjögur um sögu Evrópu frá dögum frönsku byltingarinnar þykja öll afburðagóð og læsileg. Þau heita á frummálinu: The Age of Revolution: Europe 1789-1848 (1962), The Age of Capital: 1848-1875 (1975), The Age

of Empire: 1875-1914 (1987) og The Age of Extremes: The Short Twentieth Century, 1914-1991. Hin síðastnefnda kom út í íslenski þýðingu Sverris Jakobssonar undir heitinu Öld öfganna. Hún var gefin út af Máli og menningu og er uppseld að sögn útgefanda. Þess má geta að hann gaf út ævisögu sína árið 2001 og bar hún heitið Interesting Times: A Twentieth-Century Life.

en hann fæddist í Egyptalandi. Þegar hann var 16 ára flutti hann til Berlínar til frænda síns en þá voru báðir foreldrar hans látnir. Þar vaknaði áhugi hans á stjórnmálum og þar varð hann kommúnisti. Hobsbawm lýsti því síðar hvernig það greyttist í minni hans þegar hann á leið heim úr skóla í ársbyrjun 1933 las fyrirsagnir blaða um að Hitler væri kominn til valda. Sama ár fluttist hann til Bretlands og náði þá fyrst að sögn Guardian góðum tókum á ensku.

Guðmundur segir að tvennt muni halda nafni Hobsbawms á

lofti. Annars vegar framlag hans til þjóðernisrannsókna, bækurnar Invention of Tradition, sem kom út árið 1983 í ritstjórn Hobsbawms, og Nations and Nationalism Since 1780, og hins vegar yfirlitsbækurnar um Evrópusögu frá frönsku byltingunni og til falls múrsins. „Bækur hans voru gríðarlega vel skrifaðar og það má segja að Öld öfganna, sem er líklega hans þekktasta rit, sé einstök að því leyti að hann var sjálfur fórnarlamb og afurð þessarar aldar sem gerir sjónarhorn hans svo einstakt.“

sigridur@frettabladid.is

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

ÁRLEG TÓNLEIKARÖÐ SEM NOTIÐ HEFUR MIKILLAR HYLGI FRÁ ÞVÍ Í OKTÓBER 2009

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

FRÁ 3. OKTÓBER TIL 5. DESEMBER

Vikulegar óvissuferðir með mörgum af fremstu tónlistarmönnum landsins undir listrænni stjórn Gerrit Schulz.

Vinsamlega athugið: Aðgangseyrir 1000 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum.



Fáðu allt að 4,7% vexti



Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Bækur ★★☆☆

Með góðu eða illu

Elsebeth Egholm

Mál og menning

Of margt slæmt og of fátt gott

Dicte Svensson er blaðamaður og skrifar um glæpi. Hún á sér ýmis leyndarmál úr fortíðinni sem hún þarf að takast á við á meðan hún reynir að komast til botns í glæpamáli sem snertir hana sjálfa. Francesca Olsen er í framboði til borgarstjóra Árósa og einnig hún glímir við fortíðina sem hefur bankað upp á með tilheyrandi vandræðum.



Raunar má segja að fortíðin og þau leyndarmál sem hún geymir sé gegnumgangandi þema í bókinni Með góðu eða illu eftir Elsebeth Egholm. Hún snýst öðrum þræði um uppgjör og hvernig gamlar syndir hverfa ekki fyrr en horfst hefur verið í augu við þær og ábyrgð tekin á gjörðum sínum. Egholm tekst ágætlega að búa til flókna fléttu þar sem ofið er saman þráðum fortíðar og nútíðar. Flækjan kemur hins vegar niður á framvindu sögunnar.

Gallinn við bókina er hve Egholm teygir lopann. Lesendum er haldið volgum, litlum upplýsingamolum hent til þeirra en um leið og eitthvað virðist vera að skýrast er sögunni víkið

annað. Slíkur frásagnarmáti gæti gengið ágætlega upp, en í þessu tilviki vantar um of á spennuna. Egholm tekst einfaldlega ekki að kveikja forvitni hjá lesendum til að sagan sé gleypt í sig og hinum fjölmörgu spurningum svarað. Þá gerir bókina um of ráð fyrir að lesandinn þekki forsöguna og hafi lesið fyrri bækur um Dicte Svensson.

Aðalpersónur bókanna eru haganlega saman settar, en höfundur mætti þó kafa dýpra í margar þeirra. Sagan ber keim af því að vera hluti af stærra höfundaverki um sömu persónur og fleiri bækur þurfi til að skilja þær til fulls.

Að því sögðu er bókina haganlega skrifuð, en flókin tengsl og vísanir í fortíðina vege ekki upp á móti því að aðalatriðið í spennusögu, sjálfa spennuna, vantar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Niðurstaða: Ágætlega skrifuð saga en skortir á spennuna.

Orð skulu standa aftur á svið

Orð skulu standa, heldur áfram göngu sinni í Þjóðleikhúskjallar- anum í vetur og er fyrsta sýning á fimmtudagskvöld. Sýningin spratt upp úr útvarpsþáttum Karls Th. Birgissonar sem færði þá yfir á svið er þeir voru teknir af dagskrá Rásar eitt. Karl Th. er umsjónarmaður sem fyrr á sýningunni þar sem gestir eru spurð-

ir um merkingu orða. Fyrstu gestir vetrarins eru Björn Jörundur Friðbjörnsson og Jóhanna Vígdís Arnardóttir. Þeim til fulltingis eru fastir leikarar í sýningunni, Sólveig Arnarsdóttir og Guðmundur Steingrímsson. Um lifandi hljóðfærleik og ýmsa aðra tjáningu sér Jakob Frimann Magnússon.

www.sena.is/elly

HEIDURSGESTIR
Raggi Bjarna,
Jón Páll Bjarnason
og Guðmundur Steingrímsson

Elly Vilhjálms
Minningartónleikar 13. október

FRÍTT NIÐURHAL
SÆKTU
NÝJU ÚTGÁFUNA
AF **VEGIR LIGGJA**
TIL ALLRA ÁTTA
ÓKEYPIS Á TÓNLIST.IS

FORSALA
TÓNLEIKAGESTIR
GETA TRYGGT SÉR
ÆVISÖGU ELLYJAR
Í FORSÖLU Á
TÓNLEIKUNUM

TÓNLEIKAR ÁRSINS ERU HANDAN VIÐ HORNID

KOMDU MEÐ Í ÓGLEYMANLEGT FERÐALAG TIL GULLALDARÁRANNA OG UPPLIFÐU ELLY Í MÁLI OG MYNDUM, LJÓSLIFANDI MINNINGUM SAMFERÐARFÓLKINS OG AUÐVITAÐ TÓNLISTINNI SEM HÚN GAF OKKUR ÖLLUM.

- ANDREA GYLFAÐÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON

UPPSELT Í A+ OG C SVÆÐI. ÖRFÁIR LAUSIR MIÐAR Í A OG B SVÆÐI.

Iceland Express

MÍÐASALA Á MIÐI.IS. Í SÍMA 540-9800 OG
VERSLUNUM BRIM LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI




Sparnaður: Vaxtaþrep 30 dagar

Ný sparnaðarleið

Vaxtaþrep 30 dagar er nýr bundinn óverðtryggður innlánsreikningur og hækka vextirnir í þrepum eftir fjárhæð innistæðunnar.

Ný ávöxtunarleið með stighækkandi vöxtum

Úttektir af reikningnum þarf að tilkynna með 30 daga fyrirvara en á móti eru vextirnir hærri en á almennum óbundnum innlánsreikningum og eru þeir greiddir út mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning að eigin vali. Vaxtaþrep 30 dagar hentar því þeim sem vilja örugga og háa ávöxtun en jafnframt að innistæðan sé laus með skömmum fyrirvara.



Ársvextir skv. vaxtaöflu 22.09.12: Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu.

Þú getur stofnað Vaxtaþrep 30 dagar í Netbankanum eða í næsta útibúi Íslandsbanka. Nánari upplýsingar á islandsbanki.is





4 ABBA GOLD ER SÖLUHÆSTI geisladiskur Bretlands-sögunnar. Hann hefur selst í fjórum milljónum eintaka. ABBA er efst á sölulista sem var settur saman í tilefni 30 ára afmælis geisladisksins.



SUDDEN WEATHER CHANGE Hljómsveitin er á leiðinni í ferðalag um Bandaríkin.

Ferðast um Bandaríkin

Sudden Weather Change er á leið í tæplega mánaðarlanga tónleikaferð um Bandaríkin. Hún hefst í Los Angeles á föstudaginn þar sem hljómsveitin kemur fram á hátíðinni Culture Collide sem er rekin af tímaritinu Filter.

Næst spila strákarnir í San Fransisco og svo í Seattle þar sem þeir koma fram ásamt fleiri

islenskum sveitum á tónleikum Reykjavík Calling á vegum Iceland Naturally og KEXP. Lokatónleikarnir verða á hátíðinni CMJ í New York.

Tilgangur ferðarinnar er að kynna Sudden Weather Change fyrir bandarískum tónlistaríðnaði í von um að hljómsveitin komist á plötusamning þar í landi.



KRAFTBUNDIÐ PUNGAROKK Gunnar segir erfitt að lýsa tónlistinni sem Icarus spilar en að það sé eins konar „kraftbundið“ pungarokk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tónlist, uppvask og tíska í New York

„Við spiluðum á alls konar klúbbum og börum í borginni og vorum alveg rosalega bókaðir, yfirleitt vorum við með upp í þrjú gígg í viku og þegar aðsóknin var góð vorum við að fá 200 dollara fyrir kvöldið,“ segir hinn 18 ára gamli Gunnar Ágúst Thoroddsen, gítarleikari hljómsveitarinnar Icarus.

Þeir Gunnar, Atli Steinn og Elias Andri skipa hljómsveitina og eyddu þeir sumrinu í New York þar sem þeir spiluðu á klúbbum og börum, tóku upp sína fyrstu EP-plötu og unnu. „Mamma vildi endilega fá mig út í sumar en af því að ég vildi geta spilað með hljómsveitinni bauð hún okkur bara öllum,“ segir Gunnar og hlær. Móðir Gunnars á tískufyrirtækið Moda Operandi þar í borg og fengu Atli Steinn og Elias Andri vinnu hjá henni en Gunnar aftur

á móti vann í uppvaski og glasa-tíslu á bar.

Icarus tók þátt í Músiktilraunum 2012 og var það þeirra fyrsta skipti á sviði. „Eftir árangurslausa leit að bassaleikara ákváðum við Atli að kenna bara Eliasi, besta vini okkar, á bassa. Hann stóð sig ótrúlega vel og við tókum þátt í Músiktilraunum tveimur vikum seinna,“ segir Gunnar en Icarus komst þar áfram á úrslitakvöldið.

Aðspurður segir Gunnar erfitt að lýsa tónlistinni sem þeir spila, en hún sé eins konar „kraftbundið“ pungarokk. Eins og er er hljómsveitin einungis skipuð hljóðfæraleikurum og Gunnar segir það vera í skoðun hvort þeir fái sér söngvara. „Kannski ef við finnum einhvern rosalega góðan, við viljum bara það besta eða ekkert,“ segir hann. - trs

NAFNIÐ ÚR GRÍSKRI GOÐAFRÆÐI

Gunnar segir nafnið hafa komið til af geimskipinu úr kvikmyndinni Sunshine, sem var kallað Icarus. Icarus er guð úr grískri goðafræði sem flaug of nálægt sólinni og hrapaði til jarðar. „Okkur fannst það

flott saga þegar við heyrðum hana. Þó það sé kannski svolítið skrítið að hljómsveit sé að hrapa til jarðar þá er tónlistin okkar svolítið geimkennd og þar af leiðandi þótti okkur þetta viðeigandi,“ segir hann.

Fer langt á spilagleðinni

Tónlist ★★★★★

Contalgen Funeral

Pretty Red Dress

Eigin útgáfa

Hljómsveitin Contalgen Funeral er frá Sauðárkróki. Pretty Red Dress er hennar fyrsta plata. Hún var tekin upp í Stúdíói Benmen sem starfrækt er á staðnum. Pretty Red Dress hefur bæði augljósa kosti og galla. Hugmyndin á bak við plötuna er hæpin og textarnir er skelfilega vondir. Einhvers konar endurrunnið bull um viskídrykkju, dópneyslu og heimilislausa ólámsmenn. Ég geri mér grein fyrir því að hljómsveitin er ekki að biðja um að vera tekin alvarlega fyrir textasmíðar, en þetta er samt of lélegt.

Flutningurinn er ágætur. Söngurinn er samt á köflum slakur. Það kemur aldrei við út að herma eftir Tom Waits.

En Contalgen Funeral hefur líka kosti. Lagasmíðarnar eru margar ágæt, grípandi og skemmtilegar. Söngvarinn og lagasmíðurinn Andri Már Sigurðsson hefur greinilega alveg burði til að semja lög sem náð geta vinsældum. Stærsti kosturinn er svo spilagleðin. Það heyrst vel á



plötunni að meðlimir Contalgen Funeral hafa skemmt sér konunglega við gerð hennar og það smitast til áheyrandans.

Á heildina litið er þetta sem sagt ansi misjöfn plata. Hljómsveitin er að mörgu leyti efnileg, en Andri Már þarf að ákveða hvort hann langar til að verða alvörufundur eða hvort honum nægir að skrumskæla erlenda blússrokkara. Hann getur gert miklu betur. Það má hins vegar alveg hafa gaman af Pretty Red Dress ef manni tekst að horfa fram hjá göllum.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Misjöfn plata frá efnilegri hljómsveit.



Afsláttur af lántökugjöldum

Ergo vill aðstoða þig við að eignast farartæki

Áfram bjóðum við græn bílalan án lántökugjalda. Við bjóðum einnig **50%** afslátt af lántökugjöldum á bílalanum og bílasamningum í október.

Reiknaðu með okkur á ergo.is.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is



HOFTEIGUR, REYKJAVÍK

EIN HRAÐASTA GATA Í HEIMI

LJÓSLEIÐARI

- 100 Mb/ sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að“. Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.

HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)

- Miklu hægari tenging frá húsi en að.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í sírstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.

ÞÚ FINNUR MUNINN ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA

Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?

Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is



fylgi starfi leikstjóra þótti henni aldrei erfitt að sameina barnaupplendi og vinnu. Á sínum yngri árum dreymdi hana þó um að eignast stóra fjölskyldu og lífa hefðbundnu og trúarlegu lífi.

„Ég er ekki sérstaklega trúuð en mér hefur alltaf þótt hugmyndin um slíkt líf heillandi. Ætli flestir eigi sér ekki „skuggalíf“, það líf sem hefði geta orðið, og þetta er mitt „skuggalíf“.“

Bier hlaut Óskarsverðlaunin í fyrra fyrir kvikmyndina Hævnin sem var valin besta erlenda mynd síðasta árs. Verðlaunastyttuna geymir hún á skrifborði sínu.

„Það breytir ýmsar dyr og auðveldar margt. Það er líka frábær

tilfinning að hljóta þessi verðlaun. Það er hægt að líkja því við að komast á topp hæsta tinds veraldar; þetta er afrek sem maður gleymir aldrei. Ég hafði stuttu áður unnið Golden Globe-verðlaunin fyrir sömu mynd og það kom mér gjör-samlega í opna skjöldu. Af því ég hafði hlotið þau verðlaun þorði ég að láta mig dreyma um að ég ætti kannski möguleika á Óskarnum og því kom sá sigur minna á óvart. Ég geymi Óskarsstyttuna á skrifborði mínu og ég fyllist miklu þakklæti í hvert sinn sem ég lít hana augum.“

Næsta kvikmynd Bier gerist í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar og skartar Jennifer Lawrence og Bradley Cooper í aðalhlutverkum. sara@frettabladid.is

Promo kynnrir

VÍKING
Léttir

STÓRSTJÖRNUBALL

INGÓ HREIMUR MATTI
& Rokkabíllýbandið

KÓPAVOGI

SPOT

LAUGARDAGINN
6. OKTÓBER

Nánar á www.promo.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMR/EDAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir
- oft á dag

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMR/EDAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MAGNAÐAR RITDEILUR

vísir
- oft á dag

„Vel upplýstir viðskiptavinir taka betri ákvarðanir“

Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans starfar með viðskiptavinum sínum að traustri uppbyggingu eignasafna. Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu, ábyrga ráðgjöf og upplýstar ákvarðanir. Verið velkomin í Eignastýringu.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Kristinn Tómasson
Yfirmaður Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar



JONSSON & LE-MACKS • J115 • S1A



SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON hefur skrifað undir samning við danska b-deildarliðið GOG Håndbold til ársins 2015 en Snorri Steinn hefur verið án félags síðan AG Kaupmannahöfn fór á hausinn í haust. Snorri Steinn lék með GOG frá 2007 til 2009 þegar liðið var í dönsku úrvalsdeildinni. „Þetta er frábær dagur fyrir GOG. Við ætlum okkur að komast aftur í úrvalsdeildina og höfum tekið mikilvægt skref í rétta átt með því að fá Snorra,“ sagði Kasper Jørgensen, íþróttastjóri GOG.



EIÐUR SMÁRI Belgíska úrvalsdeildin verður sjöunda landsdeildin sem hann spilar í á ferlinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Eiður Smári til Cercle Brugge: Stóðst skoðun

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen mun spila með belgíska félaginu Cercle Brugge út þetta tímabil en þetta staðfestu Belgarnir á heimasíðu sinni í gærkvöldi.

Eiður Smári hefur verið án félags undanfarna mánuði eða síðan hann samdi um starfslok við gríska félagið AEK Aþenu.

Cercle Brugge sagði frá því á heimasíðu sinni að Eiður Smári hefði staðist læknisskoðun á Saint-Luc sjúkrahúsinu í gær og skrifað undir samning til enda tímabilsins. Eiður Smári verður kynntur fyrir blaðamönnum í dag en hjá félaginu hittir hann fyrir Arnar Þór Viðarsson, fyrrum félagi sinn í íslenska landsliðinu.

Cercle Brugge er í neðsta sæti belgísku úrvalsdeildarinnar og þarf nauðsynlega á hjálp að halda enda aðeins með 4 stig og 7 mörk í fyrstu níu leikjunum. - 66j

Gunnar Heiðar sjóðheitur: Aftur með tvö

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson átti stórleik með IFK Norrköping í gær þegar liðið vann 7-2 sigur á GAIS í sænsku úrvalsdeildinni. Gunnar Heiðar skoraði tvö mörk sjálfur og lagði síðan upp tvö önnur mörk fyrir félagi sína. Gunnar Heiðar hefur nú skorað tvennu í tveimur leikjum í röð og er alls kominn með 13 mörk í 24 leikjum í deildinni á þessari leiktíð. - 66j

Einstakt sumar hjá Atla

FH-ingurinn Atli Guðnason varð í sumar fyrsti leikmaðurinn til að vera bæði markakóngur og sá sem gaf flestar stoðsendingar síðan farið var að taka formlega saman stoðsendingar í efstu deild karla fyrir tuttugu árum.

FÓTBOLTI Atli Guðnason skrifaði sig á spjöld sögunnar í Pepsi-deildinni í sumar með því að slá öllum leikmönnum deildarinnar við í bæði markaskorun og því að leggja upp mörk fyrir félagi sína. Atli fór á kostum með meistaraliði FH og var lykilmáður í því að Íslandsmeistarabikarinn er kominn í Krikann á nýjan leik. Í gær kom síðan í ljós að leikmenn deildarinnar höfðu kosið Atla besta leikmanninn.

Atli skoraði tólf þau eru sjálfur og átti að auki þrettán stoðsendingar á félagi sína. Hann kom því með beinum hætti að 25 mörkum FH-liðsins í sumar eða rétt tæplega helmingi marka Hafnarfjarðarliðsins. Tveir aðrir leikmenn komast einnig inn á báða topplista en það eru Valsmaðurinn Rúnar Már Sigurjónsson (7 mörk og 9 stoðsendingar) og Fylkismaðurinn Ingimundur Niels Óskarsson (10 mörk og 6 stoðsendingar).

Atli keppti um gullskóinn við Framarann Kristinn Inga Halldórsson í lokaumferðinni en hvorugur náði að skora og því nægði tólfta mark Atla frá því á móti ÍA í 20. umferðinni til þess að tryggja honum markakóngstítilinn.

Atli var lengstum í sumar í baráttu við KR-inginn Óskar Örn Hauksson um að vinna stoðsendingarnar. Óskar Örn gaf fjórar stoðsendingar í fyrstu tveimur leikjunum og var með eina stoðsendingu í forskot á Atla eftir innbyrðisleik KR og FH 23. ágúst. Atli jafnaði Óskar Örn í næsta leik og átti síðan sigurinn vísan þegar Óskar Örn fór út til Noregs og spilaði ekki með KR í síðustu fimm leikjunum. Atli fór endanlega upp fyrir Óskar Örn með því að leggja upp tvö mörk í sigri FH á Keflavík.



TÓLF MÖRK OG 13 STOÐSENDINGAR Atli Guðnason var frábær með FH-liðinu í sumar. En hér sést hann í leik á móti ÍA á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

Stoðsendingar hafa verið teknar saman í efstu deild karla frá og með sumrinu 1992 og Atli jafnaði einnig stoðsendingamet Tryggva Guðmundssonar frá 2008 með því að gefa sína þrettánda stoðsendingu í lokaleiknum á laugardaginn.

Tryggvi var með sömu tölur og Atli þegar FH vann titilinn fyrir fjórum árum, gaf þá 13 stoðsendingar og skoraði 12 mörk. Tryggvi náði hins vegar ekki að vera markakóngur deildarinnar því bæði Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson (16) og KR-ingurinn Björgólfur Takefusa (14) skoruðu fleiri mörk en hann það sumar.

ooj@frettabladid.is

Atli tók bæði toppsætin

Atli Guðnason var bæði sá leikmaður sem skorað mest og lagði upp flest mörk í Pepsi-deild karla í sumar.

Flest mörk í Pepsi-deild karla 2012:

Atli Guðnason, FH	12
Kristinn Ingi Halldórsson, Fram	11
Ingimundur Niels Óskarsson, Fylki	10
Björn Daniel Sverrisson, FH	9
Christian Steen Olsen, ÍBV	9
Garðar Bergmann Gunnlaugsson, ÍA	9
Kjartan Henry Finnbogason, KR	8
Garðar Jóhannsson, Stjörnunni	8

Flestar stoðsendingar í Pepsi karla 2012:

Atli Guðnason, FH	13
Óskar Örn Hauksson, KR	10
Rúnar Már Sigurjónsson, Val	9
Alex Freyr Hilmarrsson, Grindavík	7
Rafn Andri Haraldsson, Breiðabliki	6
Ingimundur Niels Óskarsson, Fylki	6

Pepsi-deildirnar gerðar upp í Hörpunni í gær

Bestu leikmenn:

Atli Guðnason	FH
Chantel Jones	Þór/KA

Efnilegustu leikmenn:

Jón Daði Böðvarsson	Selfossi
Glódis Perla Viggósdóttir	Stjarnan

Dómarar ársins í Pepsi-deildum:

Gunnar Jarl Jónsson í Pepsi-deild karla Ívar Orri Kristjánsson í Pepsi-deild kvenna.

Þjálfarar ársins í Pepsi-deildum:

Heimir Guðjónsson	FH
Jóhann Kristinn Gunnarsson	Þór/KA

Prúðmennskuveröl. Borgunar og KSÍ:

Grétar Sigfínnur Sigurðarson	KR
Anna Þórunn Guðmundsdóttir	ÍBV

Prúðmennskuverðlaun liða:

ÍA (karla) og ÍBV (kvenna)

Stuðningsmenn ársins:

Stjarnan (karla) og Breiðablik (kvenna)

Lið ársins í Pepsi karla: Hannes Þór Halldórsson (KR), Guðjón Ární Antoníusson (FH), Freyr Bjarnason (FH), Rasmus Christiansen (ÍBV), Kristinn Jónsson (Breiðabliki), Alexander Scholz, (Stjörnunni), Björn Daniel Sverrisson (FH) Rúnar Már Sigurjónsson (Val), Kristinn Ingi Halldórsson (Fram), Atli Guðnason (FH) og Óskar Örn Hauksson (KR).

Lið ársins í Pepsi kvenna: Chantel Jones (Þór/KA), Anna Björk Kristjánsdóttir, (Stjörnunni), Guðrún Arnardóttir, (Breiðabliki), Anna Sif Ásgrímsdóttir, (Þór/KA), Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, (Stjörnunni), Katrín Ásbjörnsdóttir (Þór/KA), Danka Podovac (ÍBV), Fanndís Friðriksdóttir (Breiðabliki), Kayle Grimsey (Þór/KA), Elin Metta Jensen (Val) og Sandra María Jessen (Þór/KA).

Bjarni Jóhannsson:

Hættur með Stjörnuliðið

FÓTBOLTI Almar Guðmundsson, formaður Knattspyrnudeildar Stjörnunnar, staðfesti við Íþróttadeild Stöðvar 2 í gær að Bjarni Jóhannsson væri hættur þjálfun liðsins en þetta var sameiginleg ákvörðun Bjarna og Knattspyrnudeildar Stjörnunnar. Stjarnan rétt missti af Evrópusæti annað tímabilið í röð og datt niður í fimmta sætið.

Bjarni hefur þjálfað Stjörnuna frá 2008 þegar hann tók við liðinu í 1. deild en undir hans stjórn hefur liðið náð besta árangrinum í sögu félagsins. - 66j





Golfsettið ferðast frítt!

Pú nýtur þessara hlunninda:

- Pú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Icelandair.
- Pú færð ýmis tilboð á golfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Icelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunktur
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básun
- Merkipjald á golfpokann

Icelandair Golfers er klúbbur sem auðveldar þér að spila golf út um allan heim.

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is



MEDLIMIR MED PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS® FRÁ KRÉDITKORTI GREIÐA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS



Golfers



MAGNAÐUR MÁNUÐUR

PRESSA HEFST 14. OKTÓBER

Ný og æsispennandi þáttaröð um blaðakonuna Láru sem má hafa sig alla við þegar störf hennar og fjölskyldulíf fléttast óvænt saman. Undirheimar Reykjavíkur ólga af kynþáttahatri og ofbeldi. Edduverðlaunin 2011 og 2012. Fylgstu með frá byrjun.



REVOLUTION
HEIMUR ÁN RAFMAGNS
4. OKTÓBER



HOMELAND
6 EMMY-VERÐLAUN
7. OKTÓBER



THE NEWSROOM
FRÁ HBO
8. OKTÓBER




NEYÐARLÍNAN
NÝTT ÍSLENSKT
11. OKTÓBER



MODERN FAMILY
5 EMMY-VERÐLAUN
16. OKTÓBER




CHUCK
SNÝR AFTUR
16. OKTÓBER



TOUCH
MEÐ KIEFER SUTHERLAND
24. OKTÓBER



NEW GIRL
SPRENGHLÆGILEG
24. OKTÓBER



GREY'S ANATOMY

HEFST MIÐVIKUDAGINN 3. OKTÓBER

Loksins er komið að því. Komdu þér vel fyrir með upphaldspættinum þínum. Slakaðu á og gerðu ráðstafanir til að ekkert trufla þessa upplifun en ... ekkert getur búið þig undir það sem gerist næst.



FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI

ALLT ÞETTA FYRIR 254 KR. Á DAG

> Stöð 2 kl. 21.15

What to Do When Someone Dies

Fyrri hluti breskrar framhaldsmyndar um unga konu sem fær þær hörnulegu fréttir að eiginmaður hennar hafi látist í bílslysi. Það var kona með honum í bílnum sem einnig lét lífið í slysinu og allir telja að þau hafi átt í ástárambandi. Eiginkonan er ekki sannfærð og fer að rannsaka líf eiginmannsins og reynir að komast að því hvað gerðist í raun og veru. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók eftir Nicci French og það er Anna Friel sem leikur aðalhlutverk.



dagskró



VIÐ TÆKIÐ: BIRGIR ÞÓR HARÐARSON AFNEITAR SKJÁNUM

Sjáumst í nóvember ...

Ég ætla að taka þátt í Meistaramánuðinum. Hann byrjaði raunar í gær. Ég var rosa duglegur og fór á fætur snemma. Gott hjá mér. Ég fór líka í ræktina og hreyfði mig mjög mikið og varð mjög þreyttur. Góður ég! Þetta er samt allt saman „þis of keik“ og ég efast um að nokkur eigi í erfiðleikum með að fara reglulega í ræktina og að vakna á skikkanlegum tíma, sama hversu latur eða feitur hann er.



er allt saman gott og blessað. En mér finnst ég knúinn til að gera það líka, bara af því að ég hef ekki tíma til að fara í ræktina, taka lýsi, fara snemma að sofa, vakna snemma og læra alltaf heima.

Verst er að ég á líka leikjatölvu og hún mun ekki hafa neinn félagsskap næstu vikur, eins og afruglarinn og allir þættirnir. Ætli það verði ekki bara geðveikt mikið að gera fyrir framan skjáinn hjá öllum í nóvember þegar fólk reynir að átta sig á því hvað gerst hefur í How I Met Your Mother, House, Homeland, Mad Men og Breaking Bad svo einhverjar sérir séu nefndar. Frelsirásin á afruglurum fólks í geðveiku formi á eftir að brenna yfir 1. nóvember.

Það sem verður hins vegar erfitt fyrir alla, hvort sem þeir eru sófarottur eða hlaupagikkir, er að sleppa því að horfa á sjónvarpið. Það eru óskaplega margir sem hafa sett sér það markmið í Meistaramánuðinum að takmarka þann tíma sem þeir horfa á sjónvarpið á daginn og það

RÚV

- 15.50 Íslenski boltinn
16.35 Herstöðvarlíf (11:23)
17.20 Teitur (21:52)
17.30 Sæfarar (11:52)
17.41 Skúli skelfir (36:52)
17.53 Kafað í djúpin (11:14)
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Í stríð við fitupúkann (7:8)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Göngum saman - brjóstanna vegna
20.45 Krabbinn (5:10)
21.15 Djöflaeyjan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Brúin (7:10)
23.20 Sönnunargögn (2:16)
00.05 Kastljós
00.35 Fréttir

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími
08.05 Malcolm In The Middle (3/22)
08.30 Ellen (11/170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (157/175)
10.15 The Wonder Years (20/24)
10.40 How I Met Your Mother (9/24)
11.05 Suits (4/12)
11.50 The Mentalist (3/24)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance
14.25 So You Think You Can Dance
15.55 Sjáðu
16.25 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (12/170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm In the Middle (8/22)
19.45 Modern Family (8/24)
20.05 The Big Bang Theory (23/24)
20.30 Mike & Molly (8/23)
20.50 Anger Management (2/10)
21.15 What to Do When Someone Dies
22.25 The Daily Show.
22.50 2 Broke Girls (21/24)
23.15 Up All Night (9/24)
23.40 Drop Dead Diva (4/13)
00.25 True Blood (10/12) F
01.15 The Listener (9/13)
01.55 The Big Bang Theory (23/24)
02.15 Cirque du Freak. The Vampire's Assistant
04.00 How I Met Your Mother (9/24)
04.25 Mike & Molly (8/23)
05.10 The Big Bang Theory (23/24)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 14.40 Lokahólf KSÍ
15.25 Meistaradeild Evrópu
15.55 Meistaradeild Evrópu. Spartak Moskva - Celtic
18.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun
18.30 Meistaradeild Evrópu. Cluj - Man. Utd.
20.45 Þorsteinn J. og gestir
21.30 Meistaradeild Evrópu. Nord-Sjælland - Chelsea
23.20 Meistaradeild Evrópu. Benfica - Barcelona
01.10 Þorsteinn J. og gestir
07.00 QPR - West Ham
14.25 Everton - Southampton
16.15 Arsenal - Chelsea
18.05 Premier League Review Show
19.00 Man. Utd. - Tottenham
20.50 Aston Villa - WBA
22.40 Football League Show 2012/13
23.10 Sunnudagsmessa
00.25 Norwich - Liverpool

krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eymastór
09.00 UKI
09.05 Stubbarnir
09.30 Mörgæsirnir frá Madagaskar
09.50 Lukku-Láki
10.15 Stuðboltastelpurnar
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.00 Ofurmennið
17.20 Sorry I've Got No Head
17.50 iCarly

POP TÍM

- 17.05 The Simpsons (17.25)
17.25 Íslenski listinn
17.50 Glee (12.22)
18.35 Game Tívi
19.00 Friends
Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur í sjónvarpið.
19.20 The Simpsons (11.22)
20.10 Fly Girls (7.8)
20.30 The Secret Circle (7.22)
21.15 The Vampire Diaries (7.22)
21.55 Game Tívi
22.20 Fly Girls (7.8)
22.40 The Secret Circle (7.22)
23.20 The Vampire Diaries (7.22)
00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi
18.15 Doctors (38/175)
19.00 Ellen
19.40 Logi í beinni
20.20 Að hætti Sigga Hall
20.55 Spaugstofan
21.15 Sprettur (2/3)
21.45 Ellen (12/170)
22.30 Logi í beinni
23.10 Að hætti Sigga Hall (11/12)
23.45 Spaugstofan
00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.55 90210 (9.22) (e)
16.40 Last Chance to Live (5.6)
17.30 Rachael Ray
18.15 Rules of Engagement (11.15) (e)
18.4030 Rock (6.22) (e)
19.05 America's Funniest Home Videos (17.48) (e)
19.30 Everybody Loves Raymond
19.55 Will & Grace (1.24)
20.20 America's Next Top Model (6.13)
21.10 GCB (5.10)
22.00 In Plain Sight (2.13)
23.35 Óupplýst (5.7) (e)
00.05 Leverage (13.16) (e)
00.50 CSI (13.22) (e)
01.35 Crash & Burn (10.13) (e)
02.20 In Plain Sight (2.13) (e)
03.10 Everybody Loves Raymond
03.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06:00 ESPN America
06:35 Ryder Cup 2012 (1:3)
15:35 Ollie's Ryder Cup (1:1)
16:00 Ryder Cup 2012 (1:3)
01:00 ESPN America
18.00 Að norðan
21.00 Bæjarstjórnarfundur
20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur
21.30 Svartar tungur
OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

- 11.00 Funny Money
12.35 Shark Bait
13.55 A Dog Year
15.15 Funny Money
16.55 Shark Bait
18.15 A Dog Year
19.35 Tron. Legacy
21.40 Kin
23.10 Skinwalkers
00.45 Tron. Legacy
02.50 Kin
04.20 Skinwalkers

GULL

- 18.15 Doctors (38/175)
19.00 Ellen
19.40 Logi í beinni
20.20 Að hætti Sigga Hall
20.55 Spaugstofan
21.15 Sprettur (2/3)
21.45 Ellen (12/170)
22.30 Logi í beinni
23.10 Að hætti Sigga Hall (11/12)
23.45 Spaugstofan
00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 95,7 FM957
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 98,9 Bylgjan
FM 100,5 Kaninn
FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2
FM 93,5 Rás 1
FM 96,3 FM Suðurland
FM 97,7 X-ið
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 105,5 Útvarp Boðun

MEIRA ÚRVAL SKJÁKORT - MÓÐURBORD
VINSÆLASTA LEIKJASKJÁKORTIÐ OKKAR
MSI NVIDIA GeForce GTX 660 Ti
POWER EDITION BETRI GRAFÍK Í LEIKINA
54.990
TÖLVU LISTINN
SÚÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - KEFLAVÍK AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI

Endurgreiðsluleikur
Orkunnar í október



Endur- greiðsla **eða** 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í október **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.



Ath!
Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-
korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts
Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda í hvert skipti. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort (skráð á kennitölu), Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Ef vinningshafar endurgreiðsluleiksins eru líka vinir okkar á Facebook fá þeir aukavinning.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!



„Sögur af Skaftáreldum eftir Jón Trausta er efst í bunkanum á náttborðinu en svo er ég líka að glugga í matreiðslubókina Góður matur – gott líf eftir Gísla Egil Hrafnsson og Ingu Elsu Bergþórsdóttur.“

Margrét Eir Hjartardóttir, söng- og leikona

Kostaði innan við tíu milljónir

„Við erum virkilega ánægðir miðað við peningana sem við vorum með í höndunum. Þetta er fyrsta alvöru hasarmynd Íslands-sögunnar,“ segir Huginn Þór Grétarsson, meðframleiðandi og einn af leikurunum í Blóðhefnd.

Hasarmyndin kemur í bíó 12. október. Hún hefur verið í fjögur ár í vinnslu og kostnaðurinn er innan við tíu milljónir króna. „Myndin var svolítið lengi í vinnslu því þetta er ekki stórt batterí með ríkisstyrkjum, heldur unnið í krafti viljans,“ segir Huginn Þór.

Blóðhefnd gerist í undirheim-

unum og fjallar um glæpahring sem ógnar fjölskyldu vegna úti-standandi skulda.

Aðalpersónan, sem leikstjórinn Ingólfur Ingólfsson leikur, fyllist hefndarþorsta og tekur málin í sínar hendur.

Spurður hvort Blóðhefnd jafnist á við Svartur á leik eða Borg-ríki, sem einnig gerðust í íslensku undirheimunum, segist Huginn ekki vera viss. „Ég veit ekki með myndina Svartur á leik. Hún kom rosalega vel út en ég held að þetta sé þess virði fyrir fólk sem hefur áhuga á íslenskri kvikmyndagerð að koma og skoða.“



BLÓÐHEFND Úr myndinni Blóðhefnd sem verður frumsýnd 12. október.

Það eru mjög flott slagsmála-atríði þarna og alvöru hasar,“ segir hann. Til marks um það

hálsbrotnaði einn leikarinn næstum því við tókurnar og annar var skallaður svo hann vankaðist. - fb

BYLGJAN
989



Frumsýning
28. september
Forsala í fullum gangi!



fös. 28/9 kl. 20 UPPSELT sun. 7/10 kl. 20 örfá sæti
lau. 29/9 kl. 20 örfá sæti fös. 12/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 6/10 kl. 19 örfá sæti lau. 13/10 kl. 19 örfá sæti
lau. 6/10 kl. 22 örfá sæti lau. 20/10 kl. 19 UPPSELT

Sýningar í Hofi á Akureyri

fös. 01/11 kl. 19 | lau. 02/11 kl. 19

Miðasala í síma 450 1000 og á menningarhus.is

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



SKÓDELLA Sölvi Tryggvason segir íslenska karlmenn vanmeta hversu miklu máli fallegir skór skipta fyrir heildarútlitið en í skósaflni Sólva eru fimmtíu pör.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÖLVI TRYGGVASON: ÞAÐ ERU TIL VERRI FÍKNIR EN ÞETTA

Á FIMMTÍU PÖR AF SKÓM

„Ég viðurkenni að ég er forfallinn skóffíll en það er bara fallet. Fólk hefur verri fíknir en þetta,“ segir rithöfundurinn og fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason.

Sölvi er stoltur skósaflnari og á yfir fimmtíu pör af skóm sem hann hugsar um af alúð. Ekki eru nema tvö ár síðan áhugi Sólva á skófatnaði kviknaði, en hann hefur verið iðinn við að bæta í safnið. Sölvi er einmitt nýkominn heim frá Marokkó þar sem hann fjárfesti í tveimur pörum. „Það var ekki vegna þess að mig vantaði skó. Annað parið er ljósbrún leðurstígvél með munstri á tánni sem mig hefur dreymt um að eignast lengi. Þau passa bæði við jakkaföt og gallabuxur en það er mikill kostur,“ segir Sölvi sem kennir starfi sínu í sjónvarpi um

Ég var reyndar í bænum um helgina og þá var ég þrisvar sinnum spurður hvort ég væri hommi en ég tek því sem miklu hrósi fyrir minn fatastíl.“

skódeylluna. „Þá þurfti ég að byrja að hugsa út í hvernig ég klæddist og allt í einu fattaði ég hvað skór skipta miklu máli. Það er afar vont að vera vel klæddur en í ljótum skóm. Það bara gengur ekki,“ segir Sölvi en bætir við að einnig séu ákveðin fræði á bak við það að para flotta skó saman við fatnað.

Sölvi vandar sig í skókaupum og segir hvert skópar bæta fataskáp-

inn. Hann segir íslenska karlmenn hugsa of lítið um klæðaburð, en hefur fundið fyrir auknum áhuga hins kynsins eftir að hann fór að spá í tísku og safna skóm. „Karlarnir fatta bara ekki hversu miklu máli þetta skiptir. Ég var reyndar í bænum um helgina og þá var ég þrisvar sinnum spurður hvort ég væri hommi en ég tek því sem miklu hrósi fyrir minn fatastíl.“

Sölvi er með mörg járn í eldinum þessa dagana. Hann flakkar á milli framhalds- og grunnskóla með fyrirlestra um forvarnir og kemur að handritagerð fyrir þættina Sönn íslensk sakamál. Sölvi ætlar svo að henda sér í jólabókaflóðið í byrjun nóvember með ævisögu Jóns Páls Sigmarrsonar.

alfrun@frettabladid.is

„Næntís“-nostalgía á Gauknum

Til stendur að halda tónleika með gömlum íslenskum gruggsveitum frá tíunda áratugnum á Gamla Gauknum um miðjan desember. Staðfestar hafa verið Bone China, Dos Pílas, Quicksand Jesus, In Bloom og Dead Sea Apple.

„Þetta er hugmynd sem Finni [Guðfínnur Sölvi Karlsson] úr Quicksand Jesus og Franz [Gunnarsson] gítarleikari fengu. Þeir voru að spá í að gera þetta í september en svo var allt í einu kominn september. Menn eru orðnir gamlir og þurfa að æfa þetta dót,“ segir Hannes Friðbjarnarson, trommuleikari í Dead Sea Apple og Buffi. „Þetta er fínt fyrir gamla mussurokkara að koma út úr fylgnum sínum, fá sér einn bjór og hlusta á „næntís“-bönd,“ segir hann. „Þetta eru bönd sem voru flest á jaðrinum og fengu ekki mikla umfjöllun í fjölmiðlum,“ segir hann. „Þau náðu einstaka lögum í spilun en voru alltaf dugleg að halda tónleika. Engin hljómsveitanna hefur tók á því að



SPILA Á GAUKNUM Rokkararnir í Dead Sea Apple spila á Gamla Gauknum.

halda tónleika ein og sér og þess vegna er fínt fyrir menn að koma saman og taka nokkur lög.“ - fb



www.dominos.is sími 58-12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með **Domino's** appinu
Nánar á dominos.is/app

**GÆÐI
ALLA
LEIÐ!**



Pepperoni veisla: Fullt af pepperoni og aukaostur



Dominosdeildin hefst um næstu helgi.



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Útkall í Neskaupstað

Metsöluhöfundurinn og blaðamaðurinn Óttar Sveinsson vinnur nú að enn einni bókinni í Útkallsríu.



Að þessu sinni mun viðfangsefni Óttars vera hamfarirnar í Neskaupstað 20. desember 1974. Þar fórust tólf manns, full-orðnir og börn, í tveimur snjóflóðum sem féllu þar á bæinn með tuttugu mínútna millibili.

Suzuki á Litla-Hrauni

Bubbi Morthens er ekki eini tónlistarmaðurinn sem er reiðubúinn til að spila fyrir fangana á Litla-Hrauni því Damo Suzuki, fyrrum söngvari hinnar sögufæru þýsku hljómsveitar Can, heldur tónleika þar í dag. Með honum í för verða tveir þýskir hljóðfæraleikarar og íslensku spilararnir Magnús Trygvason Eliassen og Gunnar Jónsson. Þeir stíga einnig á svið með honum í Gamla bíói annað kvöld þegar þeir leika undir hinu þögla meistaraverki Metropolis á Riff-kvikmyndahátíðinni. Suzuki er þekktur fyrir tilraunakennda tónlist sína og verður forvitnilegt að sjá

hvort fangarnir verða jafnhrífnir af honum og kónginum Bubba. - fb



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ríkisstjórnin „sú versta í sögunni“
- 2 Tók lögreglustöðina á Selfossi og sýsluskrifstofu eignarnámi
- 3 Reyndi að kveikja í Kaffi Krús
- 4 Bekkjabófar í hefndarhug
- 5 Þúsundir þýskra barna með magakveisu

FYNDIN, SNJÖLL OG FÁGUÐ



www.forlagid.is



20-50%
afsláttur

LOKSINS LAGERÚTSALA

aðeins í 3 daga!

2. - 4.
október

Útsöludýnur - allt að 50% afsláttur



Fyrstir koma
fyrstir fá

- Sýnishorn
- Skiptidýnur
- Útlitsgallaðar dýnur
- Svefnsófar

Takmarkað
magn

- Útlitsgallaðir hægindastólar og -sófar og fleira og fleira

25% afsláttur af lökum og hlífðardýnum



Klettháls 13
Sími lagerútsölunnar
er 660 0023

www.svefn.is

Svefn & heilsa



2. - 4. október
þriðjudag
miðvikudag
fimmtudag
kl. 12-19

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00